Meðferðarúrræði við áfengis- og vímuefnavanda ungs fólks á Íslandi

„Upplifun nokkurra einstaklinga á meðferðarkerfinu“

Laufey Sif Ingólfsdóttir og Sædís Sif Harðardóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Íþrótta-, tómstunda-, og þroskaþjálfadeild

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Meðferðarúrræði við áfengis- og vímuefnavanda ungs fólks á íslandi

„Upplifun nokkurra einstaklinga af meðferðarkerfinu“

Laufey Sif Ingólfsdóttir og Sædís Sif Harðardóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Björn Vilhjálmsson

Íþrótta-, tómstunda-, og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Meðferðarúrræði við áfengis- og vímuefnavanda ungs fólk á Íslandi „upplifun nokkurra einstaklinga af meðferðarkerfinu“

Greinargerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði við íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Laufey Sif Ingólfsdóttir og Sædís Sif Harðardóttir 2014
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, 2014

Ágrip

Þetta lokaverkefni er til B.A.- gráðu í tómstunda og félagsmálafræðum frá Háskóla Íslands. Áhugi á þessu verkefni kviknaði eftir mikla umfjöllun í fjölmiðlum um ýmis mál tengd neyslu eða opinberum meðferðarúrræðum. Markmið þessa verkefnis er að veita innsýn í heim þeirra sem hafa farið út af beinu brautinni og upplifað meðferðarkerfið á Íslandi á einn eða annan hátt. Verkefnið nýtist einstaklingum til að skilja betur hverjir sjá um meðferðarkerfið á Íslandi, hver staðan er og innsýn Í það hverjir það eru sem hrærast í kerfinu.

Verkefnið skiptist í heimildarmynd og greinargerð. Í heimildarmyndinni koma fram einstaklingar sem hafa sögu að segja um ýmis mál tengd meðferðarúrræðum og upplifun á þeim. Meðal viðmælenda eru mæður fíkla, fíklar, fyrrum neytendur, meðferðaraðilar og fagfólk í frítímaþjónustu.

Í greinargerð er efni myndarinnar sett í fræðilegt samhengi, varpað ljósi á mikilvægi uppbyggilegs frítíma og í lokin er litið á hlutverk Tómstunda- og félagsmálafræðinga með tilliti til þess að finna leiðir að innihaldsríkara lífi fyrir þá sem staðið hafa höllum fæti í samfélaginu.

Lykilorð: Greinargerð, meðferðarúrræði, vímuefnaneysla, áhættuhegðun, áhættuhópur, frítíminn, tómstundir, óformlegt nám, reynslunám, heimildarmynd.

Efnisyfirlit

Ágrip **3**
Myndaskrá **7**
Formáli **9**
1 Inngangur **11**
2 Hvernig er ástandið í dag? **13**
2.1 Hvers vegna leiðast einstaklingar út í neyslu vímuefna? 13
2.2 Áhættuhegðun/áhættuhópur 14
2.3 Aðgengi að vímuefnum 16
2.4 Vímuefnaneysla meðal unglinga 20
3 Samfélagslegt viðhorf & umræður í fjölmiðlum **23**
3.1 Stimplanir 23
3.2 Sala & markaðssetning vímuefna 24
3.3 Þungt kerfi 26
4 Meðferðarúrræði á Íslandi **27**
4.1 Barnaverndarstofa 27
4.1.1 Stuðlar 27
4.1.2 Meðferðar- og skólaheimili Barnaverndarstofu 28
4.1.3 Vistheimilið Hamarskot 29
4.1.4 Fjölkerfameðferð (MST) 29
4.1.5 Fósturráðstöfun 30
4.2 Velferðasvið Reykjavíkurborgar 31
4.2.1 Barnavernd 31
4.3 Sjálfseignarstofnanir 32
4.3.1 SÁÁ 32
5 Heimildarmynd **35**
5.1 Viðmælendur 35
5.2 Viðtöl 36
5.3 Greining viðtala 37
5.4 Umræður 39

6 Hér eigum við heima 41
6.1 Frítíminn 41
6.2 Tómstundastarf 41
6.3 Öðruvísi aðferðir 42
6.3.1 Óformlegt nám 42
6.3.2 Reynslumiðað nám 43
6.4 Samspil neyslu vímuefna og þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi 43
6.5 Tómstunda- og félagsmálafræðingurinn 44
7 Niðurlag 47
Heimildaskrá 49
Viðauki 1: Kynningarbréf 55
Viðauki 2: Spurningalistar 57

Myndaskrá

Mynd 1 - Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja fremur eða mjög auðvelt að útvega sér ýmis vímuefni 16

Mynd 2 - Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja sig auðveldlega geta keypt hass á tilteknum stöðum 17

Mynd 3 - Hlutfall ungs fólks (18-20 ára) sem þekkir vel/illa til þess hvernig hægt er að verða sér úti um fíkniefni á Íslandi 18

Mynd 4 - Staðir þar sem ungu fólki (18-20 ára) hafa verið boðin fíkniefni 19

Mynd 5 - Hlutfall nemenda í 10. bekk á árunum 1995-2013 sem einhvern tíma höfðu prófað ýmis vímuefni 20

Mynd 6 - Myndirnar voru birtar á vefsíðu DV 2012 og 2013 i tengslum við sölu fíkniefna á samskiptamiðlum 24

Mynd 7 - Fyrirsögnina á fréttinni sem DV birti árið 2012 í tengslum við sölu fíkniefna á samskiptamiðlum 25

Formáli

Hugmyndin að heimildarmyndinni okkar er orðin að veruleika. Hugmyndin varð til fyrir ári síðan þegar fréttaskýringarþátturinn „Málið“ sýndi inn í heim sprautufíkla. Við ákváðum að við vildum gera svipaðan þátt eða mynd sem veitti innsýn í heim vímuefnavandans frá öllum sjónarhornum. Eftir ár í hugleiðingum og vinnu er myndin loksins tilbúin Myndin hefði aldrei orðið til ef ekki væri fyrir okkar eigin áhuga og trú á hvor aðra, svo ekki sé minnst á þolinmæði í garð hvor annarrar. Unga fólkið í okkar nærumhverfi varð til þess að við slógum til og komumst á leiðarenda.

Við viljum þakka Birni Vilhjálmssyni kærlega fyrir aðstoð við gerð þessa verkefnis og hafa haldið okkur á jörðinni. Sérstakar þakkir fá þeir sem að gerðu myndina að veruleika, Geir Magnússon, Árni Gústafsson, Sigurður Á. Magnússon, Hitt Húsið, Kukl og strákarnir í Tailormadefilms. Að lokum viljum við þakka fjölskyldu okkar og vinum fyrir stuðninginn sem við höfum fengið við gerð þessa verkefnis sem og í náminu okkar í heild.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Siðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, ____._____ 2014

_____ _____

1 Inngangur

Lokaverkefni þetta skiptist í tvo hluta. Annars vegar heimildarmynd sem við gerðum okkur og öðrum til fróðleiks sem sýnir og segir frá upplifun einstaklinga af meðferðarkerfinu, hvernig kerfið virkar, hlutverk tómstunda- og félagsmálafræðinga og tillögur að breytingum í meðferðarkerfinu. Hins vegar er það þessi greinargerð sem að setur upplýsingar úr myndinni í fræðilegt samhengi. Farið verður yfir þann hóp sem kemur fram í myndinni, meðferðarkerfi og úrræði á Íslandi skilgreind, farið yfir neyslu vímuefna í dag og að lokum mögulegt hlutverk tómstunda- og félagsmálafræðinga til að skapa bjartari framtíð fyrir þá sem standa höllum fæti. Við lögðum af stað í verkefnið með tvær spurningar að leiðarljósi: Hver upplifun einstaklinga væri á meðferðarkerfinu og hver umræðan væri um slík mál og öllu sem því tengist?

Hugmyndin að því að gera heimildarmynd kom þegar við vorum stöðugt að velta fyrir okkur neyslu ungs fólk, mikið var í fréttum um ýmis efni og meðferðarúrræði svo við ákváðum sjálfar að gera stutta mynd til að fá skýrari sýn á gang mála, beint frá þeim sem hefðu verið í kerfinu eða enn eru í kerfinu á einn eða annan hátt. Af okkar upplifun í starfi með ungu fólki og persónulegri reynslu teljum við að breytingar þurfi að gera á meðferðarkerfinu á Íslandi og vildum við komast að því hvort að þeir sem nýta meðferðarkerfið eða starfa í því séu á sama máli. Með því að ræða beint við þá sem eiga hlut að máli töldum við okkur trú um að við gætum séð svart á hvítu hvernig staðan er í dag. Við viljum sýna fram á mikilvægi þess að ef gripið er nógu snemma inn í ákveðna hegðun má sporna gegn vímuefnaneyslu auk þess að sýna fram á nýjar leiðir á batavegi sem við teljum að tómstunda- og félagsmálafræðingar geti átt stóran þátt í.

Sá hópur sem fjallað er um í þessari greinargerð eru einstaklingar sem glíma við vímuefnavandamál en þeir einstaklingar eru oft skilgreindir sem einstaklingar með áhættuhegðun og munum við styðjast við heimildir um slíkt efni í þessari greinargerð.

Margar kenningar má finna um áhættuhegðun og er ein þeirra um félagslegt taumhald. Félagslegt taumhald greinir frá því að ef ungmenni eru í vímuefnaneyslu og stunda áhættuhegðun þá gæti farið svo að tengslin við samfélagið rofni. Sjá má að ef tengsl við samfélag eru rofin þá getur verið erfitt að bindast því aftur og koma sér á þá braut sem að samfélagið ætlast til af okkur (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, & Viðar Halldórsson, 1998). Við erum sammála þessu að því leiti að við höfum séð þetta gerast og höfum upplifað þetta sjálfar. Þetta er stöðugt að gerast í kringum okkur og þessu þarf að breyta með því að koma fólki á rétta braut og spila

tómstundir stóran þátt í því. Það er margt sem að spilar inn í líf einstaklinga og er það okkar sem samfélag að skapa eina sterka heild og hlúa sérstaklega að þeim sem að fara út af hinni „beinu braut“, veita þeim umhyggju og aðhald til að þeir geti eignast innihaldsríkt líf.

Tilgangur heimildarmyndarinnar er að sýna og segja frá upplifun einstaklinga sem að hafa verið í opinberum meðferðarúrræðum til að sjá hvort einhverju megi breyta eða bæta við. Greinargerðin setur heimildarmyndina í fræðilegt samhengi og farið er yfir leiðir til að koma einstaklingum í jákvæðar og uppbyggilegar tómstundir. Við teljum að virkni og þátttaka í tómstund-um með fagfólk í fararbroddi hafi góð áhrif á sálarlíf einstaklinga og geti komið í veg fyrir svo margt sem að leiðir til vandræða og vanlíðunar. Við teljum að tómstunda- og félagsmálafræðingar hafi mikið til málanna að leggja þegar fundnar eru viðeigandi tómstundir fyrir einstaklinga, þá sérstaklega þá sem standa höllum fæti og gætu verið þjálfurum, kennurum og öðrum sem starfa með fólki innan handar.

2 Hvernig er ástandið í dag?

Hér verður farið yfir þau atriði er tengjast vímuefnaneyslu ungs fólks, farið verður yfir það hverjir það eru sem eiga í hvað mestri hættu á að leiðast út í neyslu vímuefna, áhættuhópur er skilgreindur auk þess sem rannsóknir er varða neyslu ungs fólks og aðgengi þeirra að vímuefnum eru skoðaðar. En okkur finnst mikilvægt að fara vel yfir þessi efni til þess að þú, lesandi góður, fáir meiri innsýn inn í þau mál er varða vímuefnaneytandann sjálfan.

2.1 Hvers vegna leiðast einstaklingar út í neyslu vímuefna?

Það eru margir þættir sem geta verið orsök þess að börn leiðist út í áhættuhegðun en þar má nefna að í kringum þau skapast oft mikill frítími og kemur á móti að ungmennin eru ekki virk á þeim tíma. Í aðstæðum sem þessum eiga ungmenni það til að leiðast út í neikvæða hegðun einfaldlega sökum þess að þeim leiðist. Þessi neikvæða hegðun á sér ýmsar birtingarmyndir en þar má t.d. nefna vímuefni og afbrot (Heaven, 2001).

Nærumhverfi einstaklinga skiptir miklu máli þegar kemur að því að hann velji sér leið í lífinu. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir einstaklingar sem ekki eru í sterkum tengslum við umhverfi sitt eru í mun meiri hættu en aðrir til að leiðast út í neyslu vímuefna. Félagsfræðingar hafa oft á tíðum bent á að neysla vímuefna er meðal þeirra þátta í lífi einstaklinga sem spáir hvað mest fyrir um gengi einstaklinga í námi. Þessum einstaklingum líður yfirleitt verr í námi en öðrum og búa oftar en ekki yfir neikvæðri afstöðu til skólans (Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir, & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003, bls. 67).

Rannsóknir sýna einnig fram á að þekking og viðhorf unglinga til skaðsemi vímuefna hefur talsverð áhrif á það hvort einstaklingur leiðist út í neyslu eða ekki. Það hefur sýnt sig að seljendur ólöglegra vímuefna eru mjög slungnir í því að markaðssetja efnin sem skaðlítil eða jafnvel skaðlaus og ef þekking einstaklinga er lítil fyrir þá er hættan mun meiri. Forvarnarstarf er mikilvægt til að sporna gegn neyslu á vímuefnum og ef lítið hefur verið um slíka fræðslu í kringum einstakling eru líkurnar meiri á að hann byrji að neyta vímuefna. Auk skorts á forvörnum má tengja neyslumynstur við þrýsting frá jafningjum, spennu eða saklausa forvitni sem oft getur endað illa (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003, bls. 24-25).

Einstaklingar sem byrja að drekka ungir eru einnig líklegri en aðrir til þess að byrja síðar um ævina að neyta annarra vímuefna (Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir, & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003, bls. 67).

Á þeim tímum sem við lifum nú má heyra í umræðunni að mikill tími ungmennanna fari í að horfa á sjónvarp eða hanga í tölvunni í stað þess að nýta hann á uppbyggilegri hátt t.d. í íþróttir, námið eða aðra tómstundaiðju. Sá tími sem að ungmenni hafa eftir skóla og um helgar er hættulegur fyrir þá sem ekki eru virkir í tómstundum. Í frítímanum eru ungmenni oft ekki undir eftirliti foreldra og hafa því tækifæri til að prófa sig áfram í neikvæðri hegðun s.s. neyslu áfengis og vímuefna. Rannsóknir sýna að með reglulegu eftirliti fullorðinna aukast líkurnar á því að einstaklingarnir nýti tíma sinn til að móta sér heilbrigt líferni og undirbúi sig betur fyrir framtíðina (Larson, 2001).

2.2 Áhættuhegðun/áhættuhópur

Á síðustu árum höfum við höfundar greinargerðarinnar upplifað meðferðarkerfið í gegnum fjölskyldumeðlimi og ungmenni sem eru náin fjölskyldunni og hefur sú upplifun oftast verið á þann veg að lítið sé hlustað á unga fólkið, að viðeigandi úrræði eru ekki til staðar og gripið sé alltof seint í ýmis mál. Upplifun ungmennanna hefur verið mjög slæm á tímum þar sem staðan var orðin sú að ungmennið var komið á botninn og svörin frá kerfinu á þann veg að því miður væri ekkert hægt að gera. Auk þessarar persónulegu reynslu okkar höfum við fylgst með ungu fólki í áhættuhegðun í gegnum starfsvettvanginn, og þar af leiðandi höfum við fylgst með hvernig slæm hegðun þróast, séð hvernig unnið er að slíkum málum og áhugi okkar hefur vaknað fyrir því að kanna upplifun þeirra á kerfinu betur, hvernig kerfið virkar og finna leiðir til lausna.

Áhættuhópur er hópur einstaklinga sem er í hvað mestri hættu á að fá vissa sjúkdóma eða lenda í óæskilegum aðstæðum vegna allskyns þátta sem að þeim koma líkt og félagslegs umhverfis, atferlis o.fl. (Mörður Árnason (ritstj.), 2007). Þessi hópur er til að mynda líklegri en aðrir samfélags-hópar til þess að byrja að neyta vímuefna. Talið er að þessi hegðun byrji um 11 ára aldur hjá börnum og nái hámarki á aldrinum 14-16 ára. Agi og fræðsla til barnanna er talin geta dregið úr þessháttar hegðun ef gripið er inn í á réttum tíma (Forvarnarhúsið, e.d.). Það fylgir því alltaf ákveðin áhætta þegar einstaklingur byrjar að nota áfengi eða önnur vímuefni og er mjög mikilvægt að allir séu meðvitaðir um það. Það ætlar sér enginn að verða háður vímuefnum, sumir eru einfaldlega heppnari eða óheppnari en aðrir. Oft þarf ekki mikið til þess að einstaklingar leiðist út af „beinu brautinni“ en þar spila inn í forvitni, ævintýralöngun og hópþrýstingur (Einar Gylfi Jónsson, 2001).

Það má því segja að enginn sé óhultur fyrir fíkninni það er bara spurning um það hvort við getum sagt NEI! Það er samspil margra þátta sem segja til um það hvort við séum fær um að segja skoðanir okkar skýrt og greinilega. Þetta fer allt eftir því hvernig fræðslu við höfum fengið, hvaða hópa við umgöngumst, hverjar fyrirmyndir okkar eru, hvert samband okkar er við fjölskylduna og að lokum hvernig við horfum á okkur sjálf. Þeir þættir sem talið er að hafi áhrif á áhættuhegðun unglinga eru líffræðilegir, félags- og uppeldislegir og sálfræði- og sálfélagslegir en allir þessir þættir hafa áhrif á mismunandi atferli í lífi hvers einstaklings (Anna Margrét Einarsdóttir & Halla Heimisdóttir).

Líffræðilegir þættir eru t.d. skapgerð einstaklinga, viðbrögð og svörun við ákveðnum aðstæðum. Þessir undirliggjandi líffræðilegu þættir s.s. persónuleikaeinkenni geta útskýrt áhættuhegðun. Þessa þætti má sjá snemma á ævi einstaklings og er því hægt að grípa inn í þá, en ef ekkert er gert getur það leitt til þess að einstaklingur fari út af „beinu brautinni“ og getur þá orðið erfiðara fyrir hann að tengjast og vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Þeir sem eru í áhættuhópi og með undirliggjandi þætti, líkt og lága greind eða hvatvísi, eru líklegri til að leiðast út í áhættuhegðun s.s. vímuefnaneyslu eða afbrot heldur en þeir sem ekki hafa þá (Siegel, 2004).

Félagslegir þættir veita innsýn í hegðun einstaklinga og eru þeir í nærumhverfi þeirra eins og fjölskylda, vinir, hlutverk einstaklings innan samfélagsins og stéttarstaða. Sumir hópar í umhverfinu hafa meiri áhrif á einstaklinginn en aðrir og hér má þá tengja ungmenni í áhættuhegðun við aðra slíka. Þar sem fólkið í kring hefur mikil áhrif er mikilvægt að góðar fyrirmyndir séu til staðar í lífi ungmenna, í stað einstaklinga sem leita í neikvæða hegðun (Solomon, 2002). Hvað áhættuhóp varðar er það því miður svo, að oft vill svo til að baklandið er ekki gott, foreldrar eru jafnvel sjálfir í neyslu, og því lítil hvatning eða fjárhagur til að standa við bakið á einstaklingnum og því auðveldara fyrir einstaklinginn að fara út af sporinu.

Þeir sálfræðilegu og sálfélagslegu þættir sem áhættuhópar þurfa að kljást við eru t.d. barátta við sjálfsmynd, kvíða, streitu, þunglyndi og aðra slæma fylgifiska sem að þarf læknisfræðilega meðferð við. Að kljást við t.d. kvíða getur haft mikil áhrif þegar kemur að mótun sjálfsmyndarinnar. Við höfum horft upp á fólk sem að þjáist af ýmsum kvillum vegna neyslu fíkniefna. Miklar breytingar verða á lífi þeirra og einstaklingarnir hafa misst tökin á að takast á við það sem öðrum finnst vera eðlilegir hlutir í hinu daglega lífi. Nokkur ungmenni sem við þekkjum náið hafa barist við mikið þunglyndi og kvíða sökum vímuefnaneyslu og hefur það m.a. komið í veg fyrir að þau lifi eðlilegu lífi. Kvíði er ein birtingarmynd þeirra sálfræðilegu þátta sem fylgja neyslu vímuefna, orsakir kvíðans geta verið nánast hvað sem er og misjafnt hvernig fólk bregst við honum. Hvað þennan hóp varðar sérstaklega hefur kvíði áhrif á að standast þær kröfur sem gerðar eru til

einstaklingsins hverju sinni. Einstaklingar með kvíða upplifa sig í hættu og bregðast við með því að koma sér í burtu. Að vera með kvíða er því ákveðin hindrun í því að takast á við nýja hluti og taka þátt í því sem við teljum vera eðlilegir hlutir í daglegu lífi (Hall, 1955).

Þegar einstaklingar byrja að neyta vímuefna er það ákveðið merki um áhættuhegðun og er því mikilvægt að grípa strax inn í neysluna til að koma í veg fyrir fleiri vandamál og svo að hegðunin þróist ekki áfram og fylgi einstaklingnum fram á fullorðinsár (Sadock & Sadock, 2007). Það er svo undir einstaklingnum komið að fóta sig aftur í samfélaginu, en þegar einstaklingur hefur farið út í t.d. neyslu vímuefna, geta tengsl við samfélagið rofnað og erfitt að bindast þeim aftur. En það er líka okkar sem samfélag að gera einstaklingnum kleift að koma aftur og taka honum opnum örmum (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, & Viðar Halldórsson, 1998).

2.3 Aðgengi að vímuefnum

Margir velta því eflaust fyrir sér hvar unglingar verða sér úti um vímuefni og hafa verið gerðar kannanir um aðgengi að efnum og benda þær til þess að unglingar eigi auðvelt með að nálgast vímuefni, ef viljinn er fyrir hendi.

Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall þeirra sem telja „fremur“ eða „mjög auðvelt“ að útvega sér ýmis vímuefni.



Mynd 1 - Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja fremur eða mjög auðvelt að útvega sér ýmis vímuefni

Hér má sjá að árið 2003 voru rúm 36% nemenda í 10.bekk sem töldu það fremur auðvelt að verða sér úti um hass, og rúm 17% svara að auðvelt sé að nálgast amfetamín og E-töflur. Þessar tölur voru talsvert lægri árið 1995 en orsökina af því má eflaust rekja til þess að vitneskja unglinga um vímuefni er mun meiri í dag heldur en hún var áður, og má álykta að markaðurinn sé einnig orðinn töluvert stærri sem ef til vill auðveldar unglingum

að verða sér úti um efni af öllum toga. Af þessum niðurstöðum að dæma þá telja unglingar frekar auðvelt að nálgast vímuefni (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003, bls. 27).

Áhugavert væri að bera þessar niðurstöður saman við nýrri rannsóknir en engar aðrar rannsóknir af þessum toga fundust við gerð greinargerðarinnar. Ávallt er gott að geta litið á björtu hliðina þegar niðurstöður sem þessar eru skoðaðar og er mjög gott að sjá að frá aldamótum hefur neysla fíkniefna verið á niðurleið.

Hér fyrir neðan eru niðurstöður á því hvar einstaklingar telja sig geta keypt hass og var tekið mið af því hvort þeir hefðu reykt hass eða ekki og hversu oft.



Mynd 2 - Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja sig auðveldlega geta keypt hass á tilteknum stöðum

Á þessum mælingum má sjá að það sem talað var um í byrjun kaflans að þeir sem reykja hass oft og hafa viljann til að kaupa það eru mun öruggari með að geta orðið sér úti um það heldur en þeir sem aldrei hafa reykt hass. Sjá má að rúmlega 61% þeirra sem aldrei hafa reykt hass telja sig ekki geta útvegað sér það en þessi tala fer niður í tæp 9% meðal þeirra sem hafa reykt hass tíu sinnum eða oftar. Það má draga þá ályktun eftir að þessar niðurstöður eru skoðaðar að sá hópur sem aldrei hefur reykt hass er kannski ekki í stöðu til þess að segja til um hvar hægt sé að nálgast efnið, þrátt fyrir þessa skekkju má sjá að framboð af hassi meðal unglinga er talsvert og gefur þessi mynd ákveðna vísbendingu um útbreiðslu á efninu. Sjá má að því oftar sem einstaklingar hafa reykt sjálfir því auðveldara

er fyrir þá að útvega sér efnið og er hægt að ímynda sér að það sama gildi um sterkari efni (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003, bls. 28-29).

Auk rannsókna á meðal grunnskólanema þá skoðuðum við skýrslu með niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal ungs fólks á aldrinum 18-20 ára sem fjallaði um samskonar málefni. Í rannsókninni var þekking þátttakenda skipt upp eftir aldri, kyni og búsetu.



Mynd 3 - Hlutfall ungs fólks (18-20 ára) sem þekkir vel/illa til þess hvernig hægt er að verða sér úti um fíkniefni á Íslandi

Þessar niðurstöður sína að tæp 40% þátttakenda í rannsókninni þekkja það frekar/ mjög vel hvernig hægt væri að verða sér úti um fíkniefni. Töluverður munur var á því hversu vel karlar sögðust þekkja vel til þessa efnis í samanburði við konurnar en þekkingin var þó álíka mikil ef horft var á aldursskiptingu og búsetu (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Að okkar mati er hlutfall þeirra sem vita hvernig þeir myndu nálgast efnin alltof hátt og er augljóst að eitthvað þarf að gera í þessum málum en það gæti þó reynst ansi erfitt þar sem markaður vímuefna er greinilega gríðarstór eins og sjá má á myndinni hér að neðan sem sýnir hvar einstaklingum á þessum aldri hafði verið boðin fíkniefni.



Mynd 4 - Staðir þar sem ungu fólki (18-20 ára) hafa verið boðin fíkniefni

Þátttakendur nefndu alla þá staði sem þeim hefðu verið boðin fíkniefni og ef sumir staðirnir eru skoðaðir þá má sjá að um 62% sögðu að þeim hefði verið boðin fíkniefni í partíi, 30% hefði verið boðin efnin í framhaldsskólanum og um 11% á skólaböllum (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Það gefur auga leið að erfitt er að fara í stríð við fíkniefnamarkaðinn, hvar skal byrja þegar sölustaðir fíkniefna eru svona margir? Já það er hugsanlega spurning sem margir myndu vilja hafa svör við þrátt fyrir að fá sem engin svör séu til við þessari spurningu.

Í þessari tilteknu skýrslu veltu rannsakendur fyrir sér hvort ástæðurnar fyrir því að svo mörgum séu boðin fíkniefni í partíum sé sökum þess að partí séu yfirleitt í heimahúsi, minni líkur á að lögreglan sé að hafa einhver afskipti og því líklega meiri líkur á að fíkniefnasali sé tilbúinn að láta á sér bera.

Taka þarf fram að flest þeirra sem sögðust hafa verið boðin fíkniefni erlendis höfðu líka verið boðin þau hér á landi. Af þessari rannsókn að dæma má sjá að algengustu staðirnir til sölu fíkniefna eru tengd skemmtanalífinu sjálfu og það er því mjög skrýtið að sjá svona hátt hlutfall þegar horft er á framhaldsskólanna (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Af þeim rannsóknum sem hér hafa komið fram er hægt að sjá að enginn er óhultur fyrir fíkniefnadjöflinum og því má í raun segja að fræðsla, forvarnir, félagslegt taumhald og það að einstaklingurinn sé samkvæmur sjálfum sér skipti gríðarmiklu máli fyrir áframhaldið. Það er aldrei að vita hvenær maður lendir sjálfur í því að vera boðin fíkniefni og er það þá manns eigin viska sem ræður ríkjum.

2.4 Vímuefnaneysla meðal unglinga

Margar kannanir hafa verið gerðar á landsvísu er varða meðal annars vímuefnaneyslu unglinga og ef einungis hassneysla er skoðuð þá kemur það í ljós að það dró verulega úr hassneyslu á níunda áratugnum en jókst svo talsvert aftur í byrjun tíunda áratugarins og færðist hægt og bítandi í aukana næstu ár á eftir. Myndin hér að neðan sýnir samantekt úr tveimur skýrslum sem við sameinuðum, en hópurinn sem um ræðir er í báðum tilfellum 10.bekkur frá árunum 1995-2013.



Mynd 5 - Hlutfall nemenda í 10. bekk á árunum 1995-2013 sem einhvern tíma höfðu prófað ýmis vímuefni

Ef þessi mynd er skoðuð þá má sjá að dregið hefur mikið úr neyslu ólöglegra vímuefna meðal efstu bekkja grunnskóla síðasta áratuginn, en árið 2003 var um 13% þessa aldurshóps sem prófað hafði hass en er sú tala nú komin niður í 3% sem er reglulega góður árangur. Það varð mikil sveifla í hassneyslu árið 1998 en þá mældist hlutfallið rúm 17%, hvorki fyrr né síðar hefur þetta hlutfall verið svo hátt. (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003, bls. 21-22).

Þegar niðurstöður eru skoðaðar úr skýrslu frá 2003 var fljótt hægt að álykta að uppúr aldamótum myndi fara að bera meira á neyslu sterkari efna þar sem hlutfallið á þeim efnum var á mikilli uppleið (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003). í kjölfar rannsóknarinnar frá 2003 fórum við í öflun nýrra upplýsinga um neyslu þessa aldurshóps og rákumst við þá á skýrslu frá árinu 2013 en þar mátti sjá að frá árinu 2003 hefur dregið úr neyslu sterkari vímuefna og vonumst við til að sú neysla haldi áfram á niðurleið næstu árin (Hrefna

Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Álfgeir Logi Kristjánsson, 2013). Hvað veldur því að neysla sterkari vímuefna sé lægri en annarra efna er góð spurning en ætla má að það sé töluvert erfiðara fyrir unglingana að verða sér úti um þau efni.

Sniff hefur minnkað til muna frá árinu 2003 en þá hafði um 10% ungmenna prufað að sniffa en er þetta hlutfall nú komið niður í 2% (Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Álfgeir Logi Kristjánsson, 2013). Við veltum því fyrir okkur hvort mismunur þessara mælinga geti á einhvern hátt tengst þeim tískustraumum sem eiga sér oft stað í unglingamenningunni.

3 Samfélagslegt viðhorf & umræður í fjölmiðlum

Sá hópur sem er í áhættuhegðun er stöðugt undir stækkunargleri samfélagins. Hópurinn verður oft fyrir fordómum og mikilli umfjöllun. Einstaklingar eru jafnvel stimplaðir sem dópistar og glæpamenn og er oft á tíðum erfitt fyrir þá að losa sig undan þessum stimplunum sem getur í kjölfarið leitt til þess að erfiðara er fyrir þá að fóta sig í samfélaginu (Rauði krossinn, 2003). Það er því okkar að vekja vitund um þær aðstæður sem einstaklingar eru að takast á við og taka þeim fagnandi þegar að þeir eru tilbúnir að taka á sínum vanda og snúa aftur til betra lífs.

Mikil umfjöllun hefur verið síðastliðin ár um ýmis málefni tengd fíkniefnaheiminum s.s. einstök fíkniefni, söluleiðir efna, aðgengi að meðferðum o.fl. Umræðan er komin á yfirborðið og er ljóst að taka þarf verulega á í ýmsum málum er tengjast einstaklingum sem eiga við vímuefnavandamál að stríða hvort sem það er samfélagsviðhorfið, meðferðarúrræði eða eitthvað annað.

3.1 Stimplanir

Öll erum við haldin fordómum, sumir vita af þeim og sýna óspart en stundum eru þeir ómeðvitaðir og fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir því að það sé fordómafullt. Áhættuhópur og ungmenni í neyslu má flokka sem minnihlutahóp og oft eru það þeir sem verða fyrir fordómum og eru sett undir stækkunargler samfélagsins en þessir fordómar eru komnir til vegna þeirra samfélagslegu viðhorfa sem við búum við. Með fordómum fylgja alhæfingar og stimplanir líkt og dópisti, aumingi eða krimmi sem erfitt er að losa sig við. Fordómar eiga það til að festa þá sem verða fyrir þeim „inní kassa“ ef svo má taka til orða og getur verið erfitt fyrir þann einstakling að komast út úr honum og ganga um samfélagið með höfuðið hátt, taka þátt í félagslífi o.s.frv. (Rauði krossinn, 2003).

Í október 2011 kom inn á vefsíðu Vísis viðtal við Jóhannes Kr. Kristjánsson sem bar fyrirsögnina Ósýnilegi stimpillinn ”Dópisti”. Í viðtalinu gagnrýnir hann rannsóknardeild lögreglunnar fyrir að hafa ekki sinnt vinnu sinni nægilega vel þegar kom að dauða dóttur hans. Dóttir Jóhannesar lést af of stórum skammti árið 2010 og stefndi hann læknum í kjölfarið fyrir að hafa ávísað lyfjunum af röngum forsendum. Jóhannesi fannst rannsóknin ganga illa og tengir það við þennan ósýnilega stimpil, hér má sjá brot úr fréttinni:

> Það virðist vera að skýrslurnar séu stimplaðar með stimplinum ósýnilega, dópisti, og þá sé það næg ástæða til þess að rannsaka málið ekki til hlítar (Vísir, 2011).

Árið 2013 kom inn frétt á vefmiðli DV sem var með sambærilega fyrirsögn eða ”Við vorum dópistar sjáðu til” en í þeirri frétt talar Sævar nokkur um neyslu sína og upplifun á vímuefninu MDMA hér má sjá brot úr fréttinni:

> Ég smjattaði alveg heilan helling á e-töflum og MDMA í gamla daga og vinir mínir líka. Við vorum dópistar sjáðu til og það er það sem dópistar gera. Við vorum fólkið sem flakkaði inn og út úr meðferðum, fylgdum vinum okkar reglulega til grafar og bjuggum til fáránlegar sögur fyrir aðra (DV, 2013 c).

Maður getur spurt sig, eru það orsök fordóma sem verða til þess að ”dópistar” fara bara eftir því sem dópistar eiga að gera samkvæmt samfélaginu. Það að vera fíkill er greinilega oft á tíðum ekki nóg heldur þarf að fylgja staðalímyndinni alveg til enda.

3.2 Sala & markaðssetning vímuefna

Í fréttum síðasta árið hefur mikið verið fjallað um nýja aðferð sem seljendur vímuefna hafa nýtt sér til sölu á varningi sínum, en sjá má að tækniþróun á veraldarvefnum er ekki einungis til góðs. DV greindi frá því fyrst fyrir tveimur árum síðan að byrjað væri að selja vímuefni í gegnum lokaða hópa á facebook og hafa fréttir sem slíkar komið til umræðu annað slagið síðan þá.

Mynd 6 - Myndirnar voru birtar á vefsíðu DV 2012 og 2013 i tengslum við sölu fíkniefna á samskiptamiðlum

Í fréttinni sem DV birti árið 2012 er sagt frá lokuðum hóp á facebook sem ber nafnið Rebels. Í hópnum voru um 100 meðlimir sem ýmist eru að selja eða kaupa fíkniefni. Einstaklingarnir koma fram undir fullu nafni svo ef til vill treysta þeir netheiminum það vel að halda að upp um þá komist ekki þar sem síðan er lokuð eða einfaldlega er alveg sama. Mikið magn af fíkniefnum eru seld á síðunni og oftast eru þau seld undir dulnefnum t.d. er lyfið Mogadon kallað Morgunblað og amfetamín kallað Femmi (DV, 2012).

Mynd 7 - Fyrirsögnina á fréttinni sem DV birti árið 2012 í tengslum við sölu fíkniefna á samskiptamiðlum

Í dag er til fjöldinn allur af hópum á facebook sem halda uppi sölu vímuefna á netinu. Hóparnir eiga það allir sameiginlegt að vera lokaðir almenningi og þarf eigandi hópsins að samþykkja alla þá sem boðið er í hópinn. Lögreglan hefur nú þegar lokað nokkrum slíkum síðum en því miður virðist það ekki duga til þess að stöðva þess konar sölu, á mörgum slíkum síðum eru einstaklingar jafnvel ekki að fela nafn sitt eða starfstitla svo auðvelt er að sjá hverjir eru að selja eða kaupa efnin (DV, 2013 a).

Flest allir unglingar í dag eru með facebook síðu og því er í raun bara að halda í vonina að þeim verði ekki boðið eða finni ekki slíka hópa á þessum vettvangi þar sem slíkur hópur gerir ekkert nema auðvelda unglingum að kaupa ólögleg vímuefni. Okkur finnst ótrúlegt að slíkar síður séu opnar eins og ekkert sé eðlilegra en vonum að laganna verðir séu að nýta sér þær í þeim tilgangi að góma þá sem eru að selja fíkniefni.

Auk frétta um söluaðferðir er reglulega fjallað um ýmis ný efni sem flæða um landið en þá ber helst að nefna umræðuna um fíkniefnið Mollý (MDMA). Umræðan um þetta tiltekna lyf gekk eins og eldur í sinu á síðasta ári en allir helstu fréttamiðlar höfðu eitthvað um málið að segja. Seinni hluta ársins 2013 birti blaðið Mónitor viðtal við Mollý neytanda á síðu sinni og allt fór í háa loft því blaðið var ásakað fyrir að ýta undir það að einstaklingar myndu fikta við efnið þar sem fréttin þótti heldur of jákvæð í garð efnisins. Í viðtalinu var viðmælandi spurður allskyns spurninga út í efnið eins og t.d. hvernig líðan mannsins væri á meðan á vímunni stæði og var svar hans eftirfarandi:

> Fyrsta korterið er eiginlega svona hjúpur í kringum mann sem er voða þægilegt og manni finnst allt bara rosalega næs. Ég hef aldrei prófað að sofa hjá á þessu en ég hef heyrt að það sé geðveikt. Það er ekki það að maður verði graður heldur er öll snerting svo þægileg og manni þykir svo vænt um alla á þessu. Daginn eftir að ég prófaði þetta efni hugsaði ég einmitt um hvað það hefði verið mikil væntumþykja í mér og að mig langaði eiginlega til þess að vera meira svona eins og ég var á Mollý (Monitor, 2013).

Það myndaðist mikill hiti í kringum þessa umræðu og þá kannski einna helst á facebook síðu Mónitors þar sem allir höfðu eitthvað um málið að segja. Sama dag og greinin birtist kom formleg afsökun frá ritstjóra blaðsins sem sagði að þetta væri einungis smá bútur úr

frétt sem Mónitor birti í blaði sínu og þar kæmu einnig fram neikvæðar afleiðingar efnisins. Fólk túlkaði afsökun ritstjóra á misjafna vegu og voru margir sem stóðu fastir á þeirri skoðun að þetta hefði verið meira auglýsing fyrir efnið Mollý frekar en það að forða fólki frá því (Mónitor, 2013).

3.3 Þungt kerfi

Lengi hefur verið í umræðunni að það sé ekki nægt rými á meðferðarheimilum. Í byrjun árs 2014 kom frétt um margra mánaða biðlista á meðferðarstofnuninni Vogi en alltaf er það skortur á fé og plássi sem að spilar þar inn í sem segir til um að eitthvað þurfi að fara að gera í stöðunni. Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir á Vogi greindi frá stöðunni þar:

> Verulega hefur verið dregið úr starfseminni á sjúkrahúsinu Vogi að sögn Þórarins, og biðlistinn langur eftir því að komast í meðferð. „Skýringin á þessu er fyrst og fremst," segir hann, „að við drógum úr umfangi starfseminnar í október 2012 vegna rekstrarfjárskorts sem hefur verið augljós hérna á sjúkrahúsinu Vogi alveg frá hruni (RÚV, 2014).

Það sem hefur verið hvað mest sláandi síðastliðin ár eru fréttir um mæður í erfiðri baráttu og ýmis mál þar sem útgangspunkturinn er sá að ekki hefði verið gert neitt nógu snemma eða einfaldlega sá að viðeigandi hjálp fékkst hvergi. Árið 2013 sagði Jóhannes Kr. Kristjánsson frá bréfi sem honum barst frá móður 15 ára stelpu sem byrjað hafði snemma að neyta kannabisefna. Í bréfinu lýsir hún baráttu sinni við kerfið og má hér sjá brot úr bréfinu sem DV birti á vefsíðu sinni:

> Þegar ég minntist á það að nú hlytu einhver úrræði að vera þar sem stelpan væri komin í kannabisneyslu, var flissað og svarið var; „það telst nú varla neysla, hún þarf að vera komin í mun harðari efni til að við grípum inní. Dóttir þín kemst ekki með tærnar þar sem börnin sem við erum að hjálpa eru með hælana (DV, 2013 b).

Morgunblaðið birti snemma árs 2014 frétt er varðar mótun nýrrar áætlunar um bætt úrræði fyrir börn og unglinga er glíma við vímuefnavandamál sem og önnur vandamál. Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra hyggst leggjast yfir þetta verkefni en hún segist að vissu leiti vera sammála þeirri gagnrýni sem kerfið hefur fengið, sjá má brot úr frásögn Eyglóar hér:

> Vissulega er þetta flókið viðfangsefni en sú gagnrýni sem heyrist ítrekað þess efnis að kerfið sé þungt í vöfum, flókið og mæti ekki nógu vel þörfum þeirra barna og ungmenna sem stríða við erfiðleika er að mörgu leyti skiljanleg og réttmæt (Mbl, 2014).

4 Meðferðarúrræði á Íslandi

Margvísleg úrræði hafa verið í boði fyrir einstaklinga sem farið hafa út af beinu brautinni á Íslandi undanfarin ár. Vogur var fyrsti spítalinn í heiminum sem byggður var sérstaklega fyrir vímuefnameðferð og opnaði sjúkrahúsið formlega árið 1983 en árið 1977 var þó fyrsta afvötnunarstöðin opnuð í Reykjardal á vegum SÁÁ (SÁÁ, 2013).

Meðferðarúrræðum á Íslandi hefur fjölgað verulega frá því að slík úrræði sáust fyrst hér á landi en í dag eru til ótal mörg úrræði fyrir fólk sem á við vímuefnavanda að stríða og hafa sum þeirra verið starfrækt um áraraðir á meðan önnur hafa byrjað og hætt sökum fjárskorts eða annarra hindrana og þar má kannski einna helst nefna Hálendahópinn og Götusmiðjuna.

Meðferðarúrræðin á Íslandi hafa verið mikið í umræðunni undanfarin ár og því miður hefur neikvæð umræða rutt veginn í þeim efnum. Meðferðarúrræði fyrir vímuefnaneytendur er þó nauðsynlegt úrræði fyrir okkur Íslendinga og ber öllum að taka gagnrýni og neikvæðri umfjöllun með fyrirvara þar sem það er alltaf eitthvað gott sem leynist inn á milli sem jafnvel getur verið forsendan fyrir því að úrræðið er enn í gangi.

Í dag sjá Barnaverndarstofa og barnavernd um land allt um mál barna og unglinga sem standa höllum fæti og þurfa á hjálp að halda. Að sama skapi sér SÁÁ um meðferð og afvötnun fyrir þá sem eru komnir yfir 18 ára aldur.

4.1 Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun innan ríkisins og heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra. Barnaverndarstofa vinnur að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og er ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í þeim málaflokki. Stofnunin sér einnig um fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir á landinu og að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar (Barnaverndarstofa, e.d. a). Barnaverndarstofa rekur meðferðarstöð ríkisins - Stuðla, þrjú meðferðarheimili á landsbyggðinni, eitt vistheimili auk þess að sjá um meðferðarúrræðið MST (fjölkerfameðferð) og fósturráðstöfun barna þegar við á.

4.1.1 Stuðlar

Stuðlar er meðferðarstöð á vegum ríkisins og þjónustar börn á aldrinum 13-18 ára. Starfsemi Stuðla skiptist í tvennt annars vegar meðferðardeild og hins vegar neyðarvistun. Meðferðardeild er með rými fyrir átta börn í senn og þar fer fram greining á vanda barns og meðferð. Meðferðartími er að jafnaði 6 -8 vikur en meðferðartíminn getur þó breyst

eftir þörfum einstaklinga hverju sinni og greiningu á vanda þeirra. Meðferðin byggist á einstaklings- og fjölskylduviðtölum, sálfræðiathugunum og úrvinnslu margvíslegra upplýsinga frá þeim aðilum er koma að barninu hverju sinni. Í meðferðinni er notast við atferlismótandi þrepa- og stigakerfi auk þess sem reynt er að auka félagsfærni, sjálfstjórn og hæfni til að nýta eigin styrkleika. Brúarskóli sér um það skólanám sem fram fer á Stuðlum og daglega er farið í útivist, tómstundir eða íþróttir. Stuðlar bjóða upp á eftirmeðferð ef þörf er á sem felst í fjölskylduviðtölum í tiltekinn fjölda skipta hjá sálfræðingi eða öðrum starfsmönnum meðferðardeildar.

Á neyðarvistun er hægt að bráðavista börn vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika meðan önnur úrræði eru fundin fyrir barnið. Vistunartími á neyðarvistun eru hámark 14 dagar en á þeim tíma metur starfsfólk neyðarvistunar stöðu barnsins. Einungis Barnaverndarnefndir eða forstöðumenn meðferðarheimila sem starfa á vegum barnaverndarstofu geta sótt eftir að barn verði vistað á neyðarvistun (Barnaverndarstofa, e.d. b). Neyðarvistun er í raun ekki meðferðarúrræði þar sem engin meðferð eða greining á vandanum fer þar fram. Neyðarvistun er lokuð deild þar sem barn býr við hálfgerða einangrun á meðan starfsfólk barnaverndarnefndar finnur einstaklingsmiðuð úrræði sem taka svo við eftir að neyðarvistun líkur. Lögð er áhersla á að barninu líði eins vel og kostur er á meðan á vistun stendur (Stuðlar, e.d.).

4.1.2 Meðferðar- og skólaheimili Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa rekur þrjú meðferðarheimili fyrir börn á aldrinum 13-18 ára Háholt, Laugaland og Lækjarbakka, en öll eru þau staðsett á landsbyggðinni.

Háholt er meðferðar- og skólaheimili með rými fyrir þrjú börn á aldrinum 15-18 ára. Skólastarf á Háholti er á vegum Varmahlíðarskóla í Skagafirði. Þeir nemendur sem dvelja á Háholti dvelja þar að jafnaði í hálft ár en í sumum tilfellum ljúka nemendurnir meðferðinni með sérstakri vímuefnameðferð á öðrum meðferðarstofnunum. Meðferðin á Háholti er mjög einstaklingsbundin hverju sinni, lögð er áhersla á fjölbreytta dagskrá, farnar eru ýmsar ferðir út af heimilinu þar sem nemendur kynnast því hvað fólkið í héraðinu er að fást við auk þess sem lögð er áhersla á íþróttaiðkun. Meðferðar- og skólaheimilið Háholt tekur við þeim nemendum sem hafa glímt við hvað mestan vanda (Barnaverndarstofa, e.d. c).

Laugaland er meðferðarúrræði fyrir unglinga á aldrinum 13 - 18 ára sem eiga við hegðunarvanda að stríða og er rými fyrir átta unglinga á staðnum. Árið 1998 skapaðist sú hefð að vista einungis stúlkur á Laugalandi en það var gert til þess að stúlkur gætu tekist á við sín vandamál í umhverfi sem gerði þeim kleift að byggja betur upp sjálfsmynd sína. Skólastarf fer fram í sérdeild Hrafnagilsskóla og í fjarnámi við Verkmenntaskólann á

Akureyri en þeir nemendur sem eru á framhaldsskólastigi fá stuðning og aðstöðu til námsins í Hrafnagilsskóla. Meðferðin á Laugalandi er þrepatengd og að jafnaði tekur um 9 mánuði að ná árangri, vistunartími unglings er miðaður við eitt ár en árangur í meðferð ræður þó mestu um það hversu löng dvölin verður. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og taka unglingarnir einnig þátt í félagslífi á vegum skólans auk þess sem mikil útivera er stunduð (Barnaverndarstofa, e.d. d).

Lækjarbakki er meðferðar- og skólaheimili sem ætlað er unglingum á aldrinum 14-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur og vægari úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Þetta er frekar nýtt vistunarúrræði en það tók til starfa árið 2010 og er yfirleitt hægt að gera ráð fyrir því að unglingurinn hafi áður lokið meðferð á Stuðlum. Vistunartími getur verið allt upp í hálft ár en þá tekur við eftirmeðferð í allt að þrjá mánuði, lengd meðferðarinnar er þó einstaklingsbundin líkt og í öðrum úrræðum. Mikil áhersla er lögð á þátttöku foreldra í meðferðinni og leitast við að unglingur dvelji í sem skemmstan tíma á sjálfu meðferðarheimilinu. Í meðferðinni er notast við umbuna og þrepakerfi sem styður við atferlismótun og árangur í að fylgja ákveðnum reglum. Skólastarf fer fram á meðferðaheimilinu og er námið sérsniðið að stöðu hvers og eins í skólakerfinu (Barnaverndarstofa, e.d. e).

4.1.3 Vistheimilið Hamarskot

Vistheimilið Hamarskot er ætlað börnum sem lokið hafa grunnskóla auk annarrar meðferðar á vegum Barnaverndarstofu, börnin eiga það sameiginlegt að eiga ekki afturkvæmt á heimili sitt og barnaverndarstofa sér alfarið um þeirra mál. Í Hamarskoti er lögð áhersla á að auka sjálfstæði þeirra unglinga sem þar búa auk þess sem að þau fá stuðning í námi og/eða starfi. Á heimilinu er rými fyrir fjóra unglinga undir 18 ára aldri en einnig er í boði fyrir einstaklinga sem náð hafa 18 ára aldri að búa í sjálfstæðri búsetu í smáhýsum við heimilið sjálft. Hamarskot tekur einnig við þunguðum konum ef Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt fyrir þær að dvelja þar. Umsóknir á Hamarskot eru alfarið í höndum barnaverndarnefndar. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með starfsemi vistheimilisins með reglulegum heimsóknum (Barnaverndarstofa, e.d. f).

4.1.4 Fjölkerfameðferð (MST)

Barnaverndarstofa heldur úti meðferðarúrræðinu MST (Multisystemic Therapy) eða fjölkerfameðferð fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Í flestum tilfellum er staðan orðin þannig þegar hér er komið við sögu að barnið myndi vera vistað utan heimilis að öllu óbreyttu. MST er einungis í boði fyrir þau

börn sem búa hjá foreldrum sínum eða forsjáraðila. Einungis Barnaverndarnefndir geta sótt um MST meðferð fyrir barnið (Barnaverndarstofa, e.d. g). Þessi meðferð er byggð á reyndum rannsóknaraðferðum þar sem helstu áhættuþættir meðal unglinga sem valda andfélagslegri hegðun eru skoðaðir. Með þessum hætti eru vandamál unglingsins ekki einungis skoðuð út frá honum sjálfum heldur einnig út frá nærumhverfi hans líkt og fjölskyldu, vinum, skóla o.fl. (Schoenwal, Brown, & Henggeler, 2000).

MST virkar þannig að meðferðaraðilar koma inn á heimili fjölskyldunnar og vinna þaðan með barninu sjálfu og foreldrum, meðferðaraðilinn styður foreldra í uppeldishlutverkinu svo þeir geti betur tekið á vandamálunum sem upp koma eftir að meðferð líkur. Meðferðartíminn er að meðaltali þrír til fimm mánuðir en þó fer það alfarið eftir barninu sjálfu hversu mikinn tíma þarf í meðferðina. Foreldrar hafa aðgengi að sínum tengiliið alla daga og er það vegna mikilvægi þess að gripið sé strax inn í ef vandamál koma upp á meðan á meðferð stendur (Henggeler, Schoenwald, Borduin, Rowland, & Chunningham, 2009).

4.1.5 Fósturráðstöfun

Stundum þarf Barnaverndarstofa að grípa til fósturráðstöfunar en það getur komið til vegna vandamála hjá barni, uppeldisaðstæður eru ekki fullnægjandi eða hvoru tveggja. Þær fósturráðstafanir sem um er að ræða eru tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur.

Gripið er til tímabundins fósturs þegar að nauðsynlegt er að vinna úr vandamálum tengdum barninu en þó er talið að hægt sé að bæta það innan takmarkaðs tíma og eftir það getur barnið snúið aftur heim. Tímabundið fóstur getur verið allt að einu ári en getur þó breyst í undantekningartilfellum.

Varanlegt fóstur er þegar barni er komið í fóstur þar til það verður sjálfráða. Þetta er gert þegar nauðsynlegt þykir að barnið alist upp hjá öðrum en foreldrum sínum. Markmiðið með þessu er að tryggja barninu viðeigandi uppeldisaðstæður og gefa því tök á að mynda góð varanleg tengsl við fósturforeldra. Áður en barn er sett í varanlegt fóstur fer það í reynslufóstur sem eru nokkrar styttri heimsóknir til að aðlaga barnið að nýjum og breyttum aðstæðum.

Með styrktu fóstri er átt við að barnið búi á fósturheimili í hámark tvö ár og fái þar sérstaka umönnun og þjálfun. Yfirleitt eru það börn sem eru að glíma við íþyngjandi tilfinninga- og hegðunarvanda sem þurfa á þessu úrræði að halda. Barnið hefur þá áður farið í viðeigandi meðferð við þeim erfiðleikum sem það er að glíma við en ekki náð að vinna bug á vandamálinu. Í þessu tilfelli tileinkar annað fósturforeldrið sig verkefninu að fullu og er litið á hlutverkið sem fullt starf (Barnaverndarstofa, e.d. h).

4.2 Velferðasvið Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á allri þjónustu á sviði velferðarmála á höfuðborgarsvæðinu, sviðið heldur uppi rekstri þjónustumiðstöðva innan hverfanna, sinnir málefnum velferðarráðs og barnaverndarnefndar og heldur úti miðlægri velferðarþjónustu þvert á borgina sem snýr að endurhæfingu fólks, forvarnarstarfi, reksturs hjúkrunarheimila og fleira (Reykjavíkurborg, e.d.).

4.2.1 Barnavernd

Barnavernd sér um að veita upplýsingar auk þess sem að þau taka við tilkynningum ef einhvern grunar að hagsmunum barns sé að einhverju leiti ekki sinnt eða að hætta sé á ferð. Hægt er að óska eftir nafnleynd og barnaverndarnefnd sér svo um að sinna þeim málum sem tilkynnt eru (Barnaverndarstofa, e.d. i).

Almenningur er skyldugur til að tilkynna til barnaverndarnefndar ef grunur leikur á að barn sé í slæmum aðstæðum, vanrækt, í hættu eða annað sem snýr að hagsmunum þeirra. Sérstaklega liggur skyldan á herðum þeirra sem starfa náið með börnum s.s kirkju, skóla, heilsugæslu, fólks á frístundavettvangi og annarra (Umboðsmaður Barna, e.d.). Í 16. gr. Barnaverndarlaga er fjallað um tilkynningaskyldu almennings og þeirra sem hafa afskipti af börnum en hún hljóðar svo:

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða (Barnaverndarlög, nr.80/2002).

Starfsmenn barnaverndar hafa í sinni umsjá umboð til að kanna ýmis mál, meðferð á málum og ákvarðanatöku í einstökum tilfellum samkvæmt reglum og ákvæðum barnaverndarlaga. Nefndin sjálf getur á hvaða tímapunkti sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og eru þeir skyldugir til að fylgja þeim ákvörðunum sem nefndin tekur. Starfsmenn skulu ávallt gera það sem barni er fyrir bestu og hagsmunir þeirra hafðir framar hagsmunum annarra, í öllum tilfellum. Starfsmenn skulu hafa vönduð vinnubrögð, virða trúnað, vera nærgætnir og með það að leiðarljósi að nálgast hvert mál af virðingu. Góð samvinna skal vera á milli barnaverndar og annarra starfa á velferðarsviði auk annarra stofnana sem snúa að málefnum barna (Barnaverndarstofa, 2012).

Þess má geta að skilyrði eru fyrir því að þeir sem starfa hjá barnavernd skulu hafa lokið námi í lögfræði, félagsráðgjöf, sálfræði, félagsfræði eða sambærilegu námi. Við teljum að þarna eigi einnig að standa tómstunda- og félagsmálafræði þar sem þeir hafa svo margt að bera í vinnu með börnum og ungmennum og þá sérstaklega í viðkvæmum

málum. Við teljum að þekking og færni tómstunda og félagsmálafræðinga komi sterk inn á þessu sviði þar sem áhersla er lögð á að vinna með einstaklinga og þekking á sviði siðfræði, þroskasálfræði, félagsfræði og annarra fræða sem eru að einhverju leiti sambærileg þeirri menntun sem óskað er eftir í slík störf.

4.3 Sjálfseignarstofnanir

„Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum verður til með þeim hætti að reiðufé eða önnur fjárverðmæti eru afhent óafturkallanlega með erfðaskrá, gjöf eða öðrum gerningi til ráðstöfunar í þágu sérgreinds markmiðs, enda fullnægi afhendingin að öðru leyti ákvæðum laganna“ (Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr.33/1999).

Sjálfseignarstofnanir eru hluti af hinum þriðja geira ef svo má að orði komast og hafa verið viðloðandi í velferðarmálum á Íslandi. Sjálfeignarstofnanir eru stundum kallaðir sjóðir og eru skilgreindir sem vettvangur fyrir starf þar sem tekjur og fjármagn tilheyrir ekki einstökum aðilum heldur er nýtt til ákveðinna málefna og þá oft í þágu almennings (Björn Þ. Guðmundsson, 1975).

Í dag eru nokkrar sjálfseignarstofnanir sem að starfa í málefnum ungs fólks sem standa höllum fæti í samfélaginu en þar má t.d. nefna Fjölsmiðjuna í Kópavogi, Vinakot sem er nýtt meðferðar-heimili í Hafnarfirði, Samhjálp og SÁÁ, en nánar verður farið í starfsemi þeirra hér á eftir.

4.3.1 SÁÁ

SÁÁ eru samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda en tilgangur samtakanna er að útrýma vanþekkingu og fordómum á áfengisvandamálinu og hafa áhrif á almenningsálitið með fræðslu um eðli sjúkdómsins alkóhólisma. SÁÁ starfrækir afvötnunar- og endurhæfingarstöðvar fyrir alkóhólista og aðra vímuefnanotendur auk þess sem þeir sjá um fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur þessara aðila. Auk þess þá sér SÁÁ einnig um að fræða almenning um eðli og umfang vanda sem stafar af áfengis- og vímuefnaneyslu (SÁÁ, e.d. a).

Starfsfólk SÁÁ er nú yfir 100 talsins og sinnir ríflega helmingur þeirra faglegri sjúkrastarfssemi á vegum samtakanna. Samtökin sjá sjálf um að mennta sína áfengis- og vímuefnaráðgjafa en það er gert þar sem þeir einstaklingar sem koma til starfa hjá samtökunum hafa allir mismunandi grunn-menntun og lífsreynslu (SÁÁ, e.d. b). Starfsemi er mjög fjölbreytt eins og sjá má og starfrækja samtökin í dag sjúkrahúsið Vog, reka göngudeild fyrir áfengis og vímuefnasjúklinga í Reykjavík og á Akureyri, auk meðferðar¬heimilanna Víkur og Staðarfells (SÁÁ, e.d. c).

4.3.1.1 Sjúkrahúsið Vogur

Sjúkrahúsið Vogur er alhliða meðferðarþjónusta fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandendur þeirra sem tók til starfa árið 1984 og er umfangsmesta meðferðarstofnun landsins. Á Vogi er boðið uppá mismunandi meðferðir sem sniðnar eru að þörfum hvers og eins og því getur meðferðartími verið allt frá stuttu inngripi upp í að vera viðameiri meðferð yfir lengri tíma. Vogur hefur frá upphafi haldið nákvæma skráningu yfir þá einstaklinga sem koma þar inn ásamt sjúkdómsgreiningu og vímuefnavanda þeirra. Nær allir vímuefnasjúklingar sem leita sér meðferðar á Íslandi koma við á Vogi fyrr eða síðar og má því segja að sjúklingahópurinn endurspegli mjög vel ástandið í vímuefnamálum hér á landi (SÁÁ, e.d. d).

4.3.1.2 Göngudeild SÁÁ

SÁÁ rekur göngudeild í Reykjavík og á Akureyri fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á landsbyggðinni en þar geta sjúklingar fengið formlegan stuðning reglulega eftir að formlegri meðferð lýkur auk þess sem almenn fræðsla og meðferð er í boði fyrir alla aðstandendur vímuefnaneytandans ef þeir kjósa hana. Ár hvert eru yfir 22 þúsund heimsóknir á göngudeildir.

Auk reglulegrar meðferðar hefur göngudeild SÁÁ með ári hverju aukið þjónustu við unglinga sem ekki hefur tekist að haldast í meðferð á Vogi eða með einstaklingsviðtölum áður en meðferð á Vogi hefst. Í þessum viðtölum er gerð margvísleg greining á vanda þeirra og svo er meðferðin sniðin að niðurstöðum greininganna (SÁÁ, e.d. e). Einstaklingar sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda eru mis illa farnir vegna sjúkdómsins og eru því félagslegar aðstæður þeirra og eiginleikar mjög mismunandi og þar af leiðandi þarf ávallt að finna meðferð sem er við hæfi hverju sinni en þannig eykst meðferðarárangurinn (SÁÁ, e.d. f).

4.3.1.3 Meðferðarheimili SÁÁ

Meðferðarheimilið Vík, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1991, sér um endurhæfingu sjúklinga sem koma frá Sjúkrahúsinu Vogi, þar fer fram sérstök kvennameðferð sem sniðin er sérstaklega að þeirra þörfum og hefur verið ákveðið að gera Vík að fyrsta meðferðarheimilinu á Íslandi þar sem einungis eru konur í vímuefnameðferð, en með því móti er hægt að skapa betri aðstæður til að mæta sérþörfum kvenna og er von á því að með þessu móti auðveldi það konum að koma til meðferðar (SÁÁ, e.d. g).

Rekstur Staðarfells hófst formlega árið 1980. Örlög meðferðarheimilisins voru í lausu lofti allt þar til 1996 þegar samningur við SÁÁ tryggði reksturinn til langframa, en áður hafði þurft að framlengja samninginn á nokkurra ára fresti. Meðferðarheimilið Staðarfell sér um endurhæfingu fyrir sjúklinga sem koma af Vogi í allt að fjórar vikur en er svo

einstaklingum boðin áframhaldandi stuðningur á göngudeild eftir það í nokkrar vikur. Á Staðarfelli fer einnig fram sérstök meðferð fyrir endurkomu karla sem einnig felst í fjögurra vikna meðferð sem endar svo með stuðningi á göngudeild í eitt ár (SÁÁ, e.d. h).

5 Heimildarmynd

Við ákváðum á vormánuðum 2013 að við vildum skrifa saman lokaverkefni en þá hófst umræðan um hvað við gætum skrifað og við komumst að því að við höfðum sameiginlegan áhuga á ungmennum sem standa höllum fæti í samfélaginu og hafa farið í meðferð vegna vímuefnaneyslu. Á þessum mánuðum voru fíkniefni og ungmenni mikið í umræðu í samfélaginu og mikil fjölmiðlaumfjöllun

sem við höfðum mikinn áhuga á og vorum ávallt í miklum hugleiðingum um hvað væri að gerast í þessum heimi. Í kjölfar umræðunnar ákváðum við að gera stuttmynd og fá svörin frá þeim sem að hefðu verið í meðferðarkerfinu á einn eða annan hátt.

Sumarið 2013 fór í að þrengja viðfangsefnið og koma hugmyndinni niður á blað í samráði við leiðbeinanda en á þessu tímabili voru hugmyndirnar ennþá alltof viðamiklar fyrir lokaverkefni til BA-prófs. Það var haustið 2013 sem hugmyndin var orðin niðurnegld og farið var af stað í að finna út að hverju þyrfti að huga í gerð heimildarmyndar og greinargerðar og af stað fór heimilda og upplýsingasöfnun.

Strax eftir áramót fórum við á fullt skrið, við fundum dagsetningar fyrir upptökur, komum okkur í samband við tökustað og tökulið auk þess að finna viðmælendur. Dagana 13. og 14. janúar 2014 var myndin loks tekin upp en tökur fóru fram í Hinu Húsinu og gekk allt vel fyrir sig. Við fengum í hendurnar 12 klukkustundir af upptökum eða efni sem við þurftum því miður að draga saman í 20 mínútna stuttmynd sem hafði það í för með sér að við náum ekki að sýna nærri því allt sem við hefðum viljað varpa fram. Þetta var þó ómetanleg reynsla sem við lærðum mikið af og mun hún ávallt fylgja okkur.

5.1 Viðmælendur

Þegar við höfðum ákveðið að við vildum gera heimildarmynd um meðferðarúrræði á Íslandi og upplifun þeirra sem hafa þurft að nýta sér meðferðarkerfið fórum við í það að finna viðmælendur. Við skoðuðum vel í kringum okkur auk þess sem að við auglýstum verkefnið á netinu og fengum við góðan hóp viðmælenda. Í hópi viðmælenda voru fyrrum fíklar, mæður fíkla, ungt fólk í neyslu, forstöðumaður á meðferðaheimili auk annarra einstaklinga sem unnið hafa náið með einstaklingum í vanda eða á meðferðarheimilum. Við ákváðum einnig að taka viðtöl við tómstunda- og félagsmálafræðinga til að veita innsýn í þá þekkingu og færni sem okkur finnst þeir hafa fram að færa í störfum með þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Þegar að við vorum komnar með lista yfir þá sem okkur langaði að fá í viðtöl, höfðum við samband við alla og sendum þeim lýsingu á verkefni okkar auk þess sem þeim voru sendar almennar upplýsingar um réttindi þeirra (sjá viðauka 1). Allir sem við settum okkur í samband við voru til í að koma og segja sína sögu undir nafni en þeim hafði verið gefinn kostur á að vera ekki sýnileg í mynd og að nafn þeirra myndi ekki koma fram en það var enginn sem fór fram á að það yrði gert.

5.2 Viðtöl

Spurningarnar voru sniðnar að hverjum og einum þar sem að við vorum búnar að fá ákveðna forsögu frá öllum auk þess sem við vissum stöðu þeirra í dag menntun, starfsvettvang eða annað. Spurningalistarnir voru þó svipaðir að því leiti að lokaspurningar voru ávallt þær sömu auk þess sem einungis lítilvægar viðbætur voru gerðar við spurningalistann ef við átti. Viðmælendur fengu spurningalistann sendan (sjá viðauka 2) tveimur dögum fyrir upptökur til að fólk gæti undirbúið sig og þá hætt við ef að þeim myndi snúast hugur og eins ef þau vildu ekki svara einstökum spurningum. Flest allir fóru vel yfir spurningalistann og voru því frekar vel undirbúnir þegar þeir komu í viðtalið.

Okkur fannst mikilvægt að hafa umgjörðina frekar notalega og þegar það kom til tals hvar best væri að taka upp myndina var það Hitt Húsið sem kom fyrst upp í hugann. Í kjölfarið höfðum við samband við Hitt Húsið sem tók okkur opnum örmum og fengum við úthlutað herbergi hjá þeim fyrir tökur. Viðmælendur fengu úthlutað tíma fyrir viðtalið sem hentaði þeim best og þegar þau komu tókum við á móti þeim með bros á vör og kræsingum á borðum, á meðan þau gæddu sér á veitingum fórum við yfir með þeim hvernig upptakan yrði, hverjir væru á svæðinu auk þess sem við svöruðum öllum spurningum frá þeim eftir bestu getu. Við gerðum þeim einnig grein fyrir því að þau þyrftu ekki að svara neinum af þessum spurningum frekar en þau vildu og mættu alltaf stoppa tökur ef þeim þætti eitthvað óþægilegt. Það kom þó ekki til þess að við þyrftum að stoppa tökur og ef einhverjum spurningum var ekki svarað þá var það einungis vegna þess að vitneskja þeirra náði ekki yfir það efni sem átti við hverju sinni.

Við ákváðum að við myndum vera spyrlar sjálfar, bæði vegna þess að við töldum að við myndum læra meira af því og til að viðmælendum okkar liði vel. Okkur fannst það vera auka vinna og jafnvel óþægindi fyrir viðmælendur ef við hefðum fengið utanaðkomandi aðila til að taka viðtölin, þar sem að það þyrfti að koma honum inn í málin og hann væri ekki eins tengdur viðmælendunum. Við skiptumst á að taka viðtölin og reyndum að skipta viðtölunum eftir því við hverja við hefðum haft samband. Viðtölin voru mislöng, allt frá 10 mínútum upp í 50 mínútur en það fór eftir því sem hver og einn hafði að segja eða koma frá sér.

5.3 Greining viðtala

Eftir að hafa setið í tvo daga og hlustað á allt sem að einstaklingarnir höfðu að segja vorum við mikið að velta ýmsum málefnum fyrir okkur. Það var margt og mikið sem kom fram í viðtölunum, bæði eitthvað sem að við bjuggumst við að heyra og hlutir sem að komu okkur algjörlega í opna skjöldu. Það gaf augaleið að það voru nokkrir „rauðir þræðir“ í viðtölunum, ef svo má að orði komast. Hér verður farið yfir helstu sameiginlegu svörin en það þyrfti heila bók til að skrifa um allt sem kom fram.

- Einstaklingarnir voru fyrst beðnir um að segja hvernig þeir tengjast meðferðarúrræðum á Íslandi en þá lýstu nokkrir meðferðarsögu sinni sem var á þann veg að hafa farið í allnokkrar meðferðir á nokkrum árum og var þá minnst á Staðarfell, Stuðla, BUGL, Vog, Hlaðgerðarkot og Lækjarbakka. Einstaklingar sögðust bæði hafa farið sjálfviljugir og skikkaðir á sínum tíma. Aðrir sem komu í viðtal sögðu frá því að þeir störfuðu í meðferðarúrræði, væru mæður fíkla eða að vinna með börnum og ungmennum.
- Tómstunda og félagsmálafræðingarnir sem komu í viðtal voru spurðir hver þekking þeirra væri og færni í störf meðferðarkerfisins voru svörin þau að þeir væru meðvitaðir um félagsleg gildi, gætu kennt einstaklingum að vinna með sjálfa sig sem verkfæri í hóp og daglegu lífi og hefðu tækni í að efla einstaklinga og koma þeim aftur inn í samfélagið.
- Þegar einstaklingar voru spurðir út í ástandið, s.s. unglingamenningu o.fl., voru svörin á þá leið að ekki væri lengur verið að fikta með vín heldur harðari efni, að staðan á meðferðarheimilum nú til dags væri þannig að sökum annarra inngripa þá væri orðið mun meira um að einstaklingar sem sækja úrræðin væru einnig að glíma við geðræn vandamál og að vinnuaðferðir væru að breytast t.d. í félagsmiðstöðvum þó ramminn hafi lengi verið sá sami. Einnig var minnst á að félagsmiðstöðvastarf væri orðið viðurkenndara og meiri kröfur settar á faglega starfsemi.
- Ýmislegt sameiginlegt kom úr því þegar rætt var um hvernig meðferðarúrræðin eru upp sett en þá ber helst að nefna það að það þyrfti að flokka þau betur og þá sérstaklega varðandi aldur og þau vandamál sem er verið að glíma við. Einn segir „Ég kom inn sem sprautufíkill og var í meðferð með tölvufíkli, það meikar ekki sens, hann á ekki að þurfa að kynnast því sem ég var í“ og annar segir „ það var geðveikt að heyra sögurnar af harðari efnum, ég kom út með það markmið að prófa öll efnin sem hefði verið að tala um“. Þau sem voru í neyslu segja öll að brýnt sé að laga þetta og svörin við spurningunni um hvað þau myndu gera ef þau mættu stofna meðferðarúrræði voru flest á þá leið að þau ættu að vera út á landi, aldurs/vandamálaskipt, meiri fræðsla og til langs tíma. Auk þess kom það skýrt fram að það þyrfti að grípa mun fyrr inn í en einn segir frá því að í starfi sínu verði hann var við að „einstaklingar eru oft búnir að vera með tilkynningar hjá

félagsráðgjafa eða barnaverndar-fulltrúa í mörg ár áður en eitthvað er gert, það er ekkert gert fyrr en það er orðið alvarlegt “. Starfsmaður á meðferðarheimili kom svo með þann punkt að það væri í raun orðið það síðasta sem væri gert að taka börn af heimili.

- Einstaklingar töluðu þó vel um nokkur úrræði en þá ber helst að nefna SÁÁ og AA-samtökin sem sumir stunda enn í dag og eru ánægðir með. Flest allir viðmælendurnir voru sammála um að nauðsyn væri á meðferðarúrræðum en þeim finnst þó þurfa meira skipulag ásamt fleiri breytingum og mikilvægt væri að líta ekki á meðferðir sem skammtímalausn. Einn viðmælandi orðaði það svo að öll meðferðarúrræði væru orðin börn síns tíma.
- Þegar rætt var um umræðuna í þessum málum í dag (vímuefnavanda og meðferðir) voru viðmælendur sammála um tvennt, annars vegar að það væri gott að þetta væri komið á yfirborðið og ætti sér stað þar sem það þarf eitthvað að gera og hins vegar það að þessi heimur er miklu verri en nokkurn mann grunar. Ung stúlka segir í þessu samhengi „það er búið að fegra þetta svo mikið, ég hef tekið á móti vinum mínum buguðum úr meðferð vegna illrar meðferðar og finnst að þau þurfi að láta heyra sína rödd, ekki læknar eða forstöðufólk“.
- Flestir viðmælendur minntust á neyðarvistun Stuðla þó svo að engin spurning hafi verið sérstaklega um það tiltekna úrræði og voru það svörin sem komu okkur hvað mest á óvart. Það sem kom frá viðmælendum um neyðarvistun var allt neikvætt en það sem þau sögðu var t.d. „Talað við mann einu sinni á dag, eins og að vera í geymslu“ og “maður fær ekki um neitt að segja, maður finnur aldrei fyrir því að vera jafningi þarna inni“. Einn sem hefur unnið náið með Stuðlum segir „ það stakk mig rosalega hvernig starfsfólkið þarna vinnur, vanhæft að mínu mati. Það talar óþægilega til einstaklinga með lítillækkun og vanvirðingu“. Flest allir viðmælendur höfðu eitthvað að segja um neyðarvistun Stuðla en engin frásögn var á jákvæðan hátt.

Við gerð myndarinnar lögðum við kapp á að fá frásagnir úr öllum áttum , ekki bara fíkla eða starfsfólks sem starfa í úrræðum fyrir vímuefnavanda heldur fannst okkur mikilvægt að rödd aðstandenda myndi líka heyrast. Áhugavert var að sjá að svona breiður hópur sem allir koma að neyðarvistun á mismunandi hátt, höfðu svipaða sögu að segja um staðinn. Það gefur því auga leið að það þarf eitthvað að laga til í neyðarvistun og það stakk okkur að heyra ungan mann segja „það er svo erfitt að vera brotinn svo er starfsfólkið alltaf með dólg við mann“ og var svo annar viðmælenda sem kom með svipað svar, en frá annarri hlið „út í hött að einstaklingar sem eiga virkilega erfitt daglega í sínu lífi fái svona móttökur, það á að vera að vinna með þeim og gera eitthvað með þeim“.

Þeir sem að höfðu leiðst út í neyslu voru spurðir um þátttöku í tómstundastarfi og voru svörin misjöfn. Einn hafði lítinn áhuga og man ekki eftir neinu sérstöku en segir „ef

einhver hefði náð mér á réttum aldri og komið mér út úr þessu umhverfi þá held ég að ég hefði náð þessu“. Aðrir höfðu stundað íþróttir, tónlist eða annað félagsstarf en hætt því þegar neyslan byrjaði eða rétt áður. Ein segir „ég var talin vandræðaunglingur og var ekki mikið tekin með og átti í útistöðum við t.d. tónlistarkennara því ég var ekki eftir hennar höfði“.

Eins og komið hefur fram var efnið sem við tókum upp mun meira en það efni sem sett var saman fyrir myndina og fórum við því ekki yfir allar þær spurningar eða öll þau svör sem við fengum. Hér hefur þó verið farið yfir helstu svörin og þá sérstaklega þau svör sem skáru sig út að einhverju leiti. Það sem kom okkur á óvart var að heyra frásögn ungrar stúlku sem var að koma í sína fyrstu meðferð og hitti þar eldri konu sem var í meðferð á sama stað, frásögnin hljóðaði á þessa leið „ það kom til mín mun eldri kona og sagði að ég ætti að koma mér út og halda áfram að djamma því lífið væri rétt að byrja“. Svona móttökur teljum við að séu ekki við hæfi þegar unga fólkið langar að komast aftur inn í samfélagið. Frásagnir um meðferðir voru ekki allar slæmar en minnst var á að það hefði þurft að reyna margar til að finna þá réttu. Fagfólk á frítímavettvangi sagði sameiginlega frá því að vandamálin byrjuðu mun fyrr en þegar einstaklingarnir byrja í neyslu og væru t.d. félagsmiðstöðvar besti vettvangurinn til að grípa inn í þar, en sökum niðurskurðar væri það ekki hægt, því miður.

5.4 Umræður

Það er greinilegt að einhverju þarf að breyta eða lagfæra hvað varðar úrræði fyrir vímuefnaneytendur en þó er ekki allt slæmt líkt og við héldum í fyrstu, því það er ótrúlega margt sem að hefur hjálpað þeim einstaklingum sem við ræddum við, en ákváðum að draga fram í myndinni það sem kom okkur á óvart eða það sem okkur fannst vera ábótavant í kerfinu. Eftir að hafa hlustað á viðmælendur lærðum við einnig að það er ekki hægt að aðstoða þá sem ekki eru í stakk búnir til að takast á við vandamálin sín og hafa þeir aðilar þá oft neikvæða mynd af þeirri meðferð sem þeir voru settir í, en það þýðir þó ekki að líta megi framhjá því sem þau hafa að segja um endurbætur.

Í gegnum þær reynslusögur sem að við fengum að heyra mátti sjá að oft er erfitt fyrir einstaka aðila að utanaðkomandi aðilar þurfi að grípa inn í líf þeirra en þegar að það væri gert væri þó mikilvægt að hlustað væri á þeirra skoðanir og væntingar. Einstaka aðilar sem við ræddum við höfðu t.d. verið tilbúnir að fara í meðferð og taka á sínum málum en þó lagt fram að hafa ekki viljað fara inn á ákveðin heimili, en samt sendir þangað sem okkur fannst ekki í lagi heldur að taka eigi tillit til þeirra skoðana og vinna sameiginlega að því hvaða úrræði hentar best fyrir hvern og einn þegar hann er tilbúinn að þiggja aðstoðina.

Það sem mikilvægt er að okkar mati og má sjá er það að einhverju þarf að breyta í samfélaginu og hlúa betur að þeim sem standa eða hafa staðið höllum fæti í samfélaginu hvort sem að það tengist viðhorfum innan samfélagsins, hvernig umræðan er um málin eða úrræðunum sjálfum sem eru í boði fyrir vímuefnaneytendur.

Eftir að hafa heyrt svör líkt og „þú finnur ekki eins og þú sért jafningi þarna inni“ og „ef það hefði einhver náð til mín á réttum tíma, bara ungum“ teljum við að tómstunda- og félagsmálafræðingar hafi mikið að bera inn í störf með vímuefnaneytendum þar sem þeir hafa reynslu og þekkingu í að vinna á jafningjagrundvelli, vinna með fólki og hafa reynslu í því að skapa aðstæður sem henta hverjum og einum með því að nýta og rýna í stærra umhverfi og nota mismunandi aðferðir.

Viðmælendahópur okkar var ekki stór en það er margt að okkar mati til í því sem að þau sögðu frá sem að má ekki líta framhjá og málefni sem mögulega þarf að kanna betur s.s. sú umræða sem kom um neyðarvistun, en það úrræði kom upp ítrekað í viðtölunum þó svo að ekki hafi verið spurt um það sérstaklega. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að ungt fólk í vímuefnaneyslu sem vistað er í neyð mögulega án þeirra samþykkis hafi ekki mikið jákvætt að segja, en þau hafa þó rödd og hugmyndir um það sem betur má fara, þar sem að þetta er fyrir þau jafnt sem þá sem vinna að málum þeirra. Auk þeirra ungmenna sem hafa verið vistuð þar komu líka neikvæð ummæli um neyðarvistun frá fagaðilum sem starfa á frítímavettvangi og öðrum vímuefna- úrræðum. Þegar ólíkir aðilar, úr ólíkum áttum höfðu allir svipaða sögu að segja um þetta tiltekna úrræði ákváðum við að varpa ljósi á það í myndinni og erum mjög forvitnar um að rannsaka það nánar og teljum að eitthvað þurfi að gera til að nýta tíma ungmenna sem vistuð eru þar inni betur og á uppbyggilegan hátt, svo ekki sé minnst á það að á stað sem þessum þarf starfsfólk að vanda vinnubrögð.

Það sem að okkur fannst einnig sláandi að heyra en kom okkur þó ekki á óvart miðað við fyrri reynslu var að því miður þurfa einstaklingar oft að rekast á margar dyr áður en eitthvað er gert í þeirra málum og vill því miður oft svo til að þá sé það orðið of seint. Þær upplýsingar sem að við fengum eftir viðtölin teljum við vera mjög mikilvægar og að gefa þurfi þessum málum meiri gaum og skoða þennan vettvang af alvöru og finna meira fjármagn til þess að koma unga fólkinu okkar aftur til samfélagins sem heilum einstaklingum, jafnvel koma i veg fyrir að þau fari út af beinu brautinni en það voru einnig svör sem að viðmælendur okkar áttu sameiginleg.

6 Hér eigum við heima

Við teljum tómstunda- og félagsmálafræðinginn vera með þekkingu sem myndi nýtast vel innan meðferðargeirans, hann er einstaklingurinn sem tilbúinn er til að hlusta á þig og gefa ráð án þess að dæma.

Í þessum kafla verður farið yfir tómstundastarf meðal vímuefnaneytenda, starf tómstunda- og félagsmálafræðingsins skilgreint, öðruvísi kennsluaðferðir kynntar auk þess sem farið verður aðeins yfir þætti er tengjast frítímanum, mikilvægi hans og hættur sem geta fylgt honum.

6.1 Frítíminn

Frítíminn er eitt af því sem tekur hvað mestan tíma í lífi okkar. Ásamt frítíma er það menntun og vinna sem er stærsti hlutinn í daglegu lífi okkar. Fræðimenn telja að ef frítíminn er notaður til að sinna tómstundum og áhugamálum þá feli það í sér bætta heilsu, andlega og líkamlega. Með því að nýta frítímann á uppbyggilegan hátt má koma í veg fyrir streitu, kvíða og bæta almenn lífsgæði. Það má því segja að vel nýttur frítími skapi innihaldsríkara líf og fólk verði þar af leiðandi hamingjusamara (Gardner & Chapman, 2000).

Tómstunda-og félagsmálafræðingar mennta sig í því að finna leiðir fyrir hvern og einn til að nýta frítíma sinn á jákvæðan hátt og er það eitthvað sem við teljum eiga heima á stöðum sem vinna með einstaklinga á krossgötum. Með fræðslu og handleiðslu um framboð og áhrif tómstunda gætu einstaklingar einfaldlega orðið hamingjusamari fyrir vikið og fengið mun meira út úr lífinu en þeir gerðu ráð fyrir.

6.2 Tómstundastarf

Til þess að geta greint frá mikilvægi tómstunda er best að byrja á því að skilgreina hugtakið tómstundir. Samkvæmt íslenskri orðabók eru orðin tómstund og frístund skilgreind sem sú stund eða sá tími þegar einstaklingur er ekki að gegna sínum skyldustörfum s.s. vinnu eða skóla (Mörður Árnason (ritstj.), 2007). Ekki er enn komin á ein algild skilgreining á hugtakinu tómstund en við styðjumst hér við skilgreiningu sem nýtist vel í fræðilegri umfjöllun sem Vanda Sigurgeirsdóttir setti fram og hljóðar svo:

> Í grundvallaratriðum má segja að tómstundir eigi sér stað í frítíma. Tómstundir eru því athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tómstundir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé

frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif. Kjarni tómstunda má segja að felist í vellíðan og aukningu á lífsgæðum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Sjá má að það er mikið af því góða sem að við öðlumst og komumst einnig hjá því neikvæða ef við sinnum og nýtum frítímann okkar á réttan hátt. Með því að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi með flott fólk í fararbroddi og fagmennsku að leiðarljósi hafa tómstundir mikið forvarnargildi og skila oft meira af sér en fólk gerir sér grein fyrir. Með því að beina ungmennum í tómstundir sem hafa jákvæð áhrif tileinka þau sér heilbrigðan lífsstíl og mögulega komum þeim hjá áhættuhegðun. Sjá má að skipulagt tómstundastarf er ein besta leiðin fyrir ungmenni til að auka sjálfstraust sitt auk þess sem það er einnig góð forvörn gegn neyslu vímuefna. Það er þó staðreynd að þeir sem þurfa virkilega á því að halda að vera virk í skipulögðu tómstundastarfi eru oft á tíðum ekki að nýta sér það og væri það þá tilvalið hlutverk tómstunda og félagsmálafræðings að koma þeim af stað.

6.3 Öðruvísi aðferðir

Námsaðferðir sem tómstunda og félagsmálafræðingar tileinka sér og fara með á vettvang í samfélaginu eru ólíkar því formlega námi sem á sér stað í því skipulagða skólaumhverfi sem flestir þekkja. Formlegt nám miðast af skyldu, stigum og prófum og er mælt, skipulagt og tekur hvað mestan tíma í lífi einstaklings (Gunnar E. Finnbogason, 2009).

Þær aðferðir sem að tómstundafræðingar læra og tileinka sér eru m.a. óformlegt nám og reynslumiðað nám sem að við teljum henta einstaklega vel fyrir þá sem ekki þrífast í formlega náminu. Óformlegt nám felur í sér að ekki er nauðsynlegt að leggja mat á kennsluna eða árangur. Slíkt nám fer yfirleitt fram utan veggja skólastofunnar og þá oft í náttúrunni. Sá sem nemur hefur val um að taka þátt og leiðbeinandi hefur yfirsýn yfir ákveðin verkefni. Óformlegt nám er líkt því formlega en munurinn liggur í því að samvera með kennara er minni, farið er í aðrar aðstæður og þátttakendur ákveða hversu langt þeir vilja ganga eða taka mikinn þátt (Gilbertson, K., McLaughlin, T. , & Evert, A., 2006).

6.3.1 Óformlegt nám

Óformlegt nám á sér stað í raunverulegum aðstæðum og skapar vettvang fyrir nemendur til að eiga samskipti og þar af leiðandi er unnið með félagsfærni og félagslegan þroska. Leiðbeinandi í óformlegu námi þarf að hafa fjölbreytni að leiðarljósi, taka frelsi fram yfir skipulag og veita nemandanum vettvang til að taka sjálfur til sín það sem hann vill fræðast um og bæta í þekkingu sína. Leiðbeinendur þurfa að geta fylgt því sem er að gerast hverju sinni, geta tekið óvænta stefnu og brugðist við hverju sinni.

Óformlegar kennsluaðferðir gefa leiðbeinanda vettvang til að hafa kennsluna á óhefðbundnum stöðum og ekki er hægt að vinna með ákveðinni áætlun, heldur tekur námið stefnu eftir því sem þátttakendur gera og segja (jeffs & Smith, M.K., 2005).

6.3.2 Reynslumiðað nám

Önnur námsaðferð sem tómstunda- og félagsmálafræðingar tileinka sér kallast reynslumiðað nám og teljum við að slíkt nám ætti að vera til staðar þegar einstaklingur er í erfiðum aðstæðum eða sálfélagslegum vanda því að það er aðferð sem að snýr að því að eignast upplifun og gera úr henni jákvæða reynslu (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011).

Reynslumiðað nám snýst um það að einstaklingar fái að takast á við hinar ýmsu áskoranir sem eiga sér stað við aðstæður sem skapaðar eru út frá fræðilegum bakgrunni. Leiðbeinandi reynslumiðaðs náms hefur það hlutverk að skapa vettvang sem býður uppá aðstæður sem leiða svo til upplifunar (Gilbertson, K., McLaughlin, T. , & Evert, A., 2006).

Reynslumiðað nám gefur einstaklingum tækifæri á að læra í gegnum athafnir og af stað fer ferli sem byggir upp ferli þekkingar, færni og viðhorfa. Verkefni sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur er íhugað, metið og hefur í för með sér breyttan skilning eða hegðun (Gilbertson, K., McLaughlin, T. , & Evert, A., 2006).

6.4 Samspil neyslu vímuefna og þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi

Árið 1997 var gerð könnun meðal einstaklinga á aldrinum 10 - 15 ára sem sýndi að um 40% þeirra sem tóku þátt í könnuninni stunduðu ekki skipulagt tómstundastarf og hækkar þetta hlutfall töluvert með aldrinum sem gefur merki um að því eldri sem einstaklingar verða því minni þátttaka verður í tómstundastarfi (Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson, & Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2000).

Í rannsókn sem Rannsókn og greining gerði á árunum 1997-2003 kemur í ljós að þátttaka í íþrótta- og tómstundastarfi minnkar þegar efnin sem einstaklingarnir taka verða sterkari. Sem dæmi þá er töluverð þátttaka meðal þeirra einstaklinga sem drekka en minnkar svo um rúmlega helming meðal þeirra sem reykja hvort sem það er tóbak eða hass (Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon, 2003).

Út frá þessum tveimur rannsóknum má því álykta að einhver hluti ástæðu brottfalls er úr tómstunda-starfi eftir því sem einstaklingar verða eldri sé sökum þess að hluti hópsins er ef til vill að feta sig áfram á rangri braut og því þarf með einhverjum hætti að koma þeim aftur inn á „beinu brautina“.

6.5 Tómstunda- og félagsmálafræðingurinn

Tómstunda og félagsmálafræði er frekar nýtt nám og er stöðugt að mótast og breytast til hins betra. Í nútímasamfélagi gegna tómstundir og starfið í kring um það mikilvægu hlutverki á sviði menningar og uppeldis. Lagðar eru áherslur á siðfræði, sálfræði, tómstundafræði og félagsfræði í náminu. Auk allra þeirra fræða sem lögð er áhersla á, fara tómstunda- og félagsmálafræðingar út í samfélagið með þekkingu og reynslu í stjórnun, leiðtogafærni, viðburðastjórnun, skipulagningu og kunnáttu í að meta og framkvæma tómstundastarf. Farið er yfir öll aldursskeið í náminu en áhersla er lögð á tómstundir. tómstunda og félagsmálafræðingar geta gengið í hin ýmsu störf en sem dæmi mætti nefna: frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, íþróttafélög, félagasamtök o.fl. (Háskóli Íslands, e.d.).

Með þessari lýsingu á menntun sem tómstunda og félagsmálafræðingar tileinka sér finnst okkur að þeir eigi heima í störfum líkt og meðferðarúrræðum. Tómstunda- og félagsmálafræðingar hafa margt fram að færa inn í meðferðarúrræði sem gæti aðstoðað einstaklinga við að komast aftur inn í samfélagið og lifa mannsæmandi lífi. Við teljum að tómstunda- og félagsmálafræðingar ættu að starfa meira og náið með meðferðarúrræðum á Íslandi þar sem eru menntaðir í því að vinna með fólki og aðstoða það í að fá sem mest út úr lífinu með því að leiða þau í tómstundir sem gefa af sér aukin lífsgæði. Tómstunda- og félagsmálafræðingar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í störfum með þeim sem standa höllum fæti og eru vel í stakk búnir að grípa snemma inn í þar sem margir hverjir starfa á frístundaheimilum, skólum, félagsmiðstöðvum og öðrum stöðum þar sem unnið er með ungmenni.

Við veltum því fyrir okkur hvernig tómstunda-og félagsmálafræðingar gætu starfað t.d. í meðferðarúrræðum fyrir unga vímuefnaneytendur og voru ýmsar hugmyndir sem komu upp á yfirborðið. Við ákváðum að taka helstu niðurstöður og hugmyndir saman og leggjum hér fram tillögu um hvernig starfinu gæti verið háttað þegar unnið er með ungmenni í sálfélaglegum vanda:

- **Teymisfundir:** Tilvalið er að tómstundafræðingur sitji slíka fundi, með öllum þeim sem koma að barni eða ungmenni. Hann gæti verið nokkurskonar „brú“ á milli allra aðila, haft yfirsýn og hægt væri að hafa samband við hann ef upp koma einhver vandamál.
- **Fræðsla:** Tómstundafræðingurinn gæti komið inn á meðferðarheimili, eða heim til einstaklinga með einhverskonar fræðslu og námskeið. Einnig væri hægt að halda námskeið fyrir foreldra, þjálfara, kennara og aðra. Það sem væri í brennidepli væri ávallt uppbygging sjálfmyndar, finna tómstundir við hæfi, hvatning og setja raunhæf markmið.
- **Hópastarf:** Hægt væri að vinna með hópastarf í kringum einstaklinga t.d. í félagsmiðstöðvum eða búa til hópastarf fyrir einstaklinga sem eiga vel saman. Í

hópastarfið myndu nýtast vel upplýsingar sem fengnar væru á teymisfundum og unnið út frá því.

- **Virkja ungmennin:** Leyfa þeim að hjálpa við ákvarðanatöku, skipulagningu og hvað skuli taka fyrir hendur. Með þessu er áhugi, ábyrgð og þátttaka þeirra aukin. Með þessari aðferð er unnið að því að efla félagsfærni þeirra.
- **Öruggt og spennandi umhverfi:** skapa andrúmsloft sem að ungmennum líður vel í og finnst vera í lagi að gera mistök án þess að það dragi þau niður á einhvern hátt. Þau eiga að finna fyrir því að þau séu velkomin og geti ávallt leitað hjálpar.
- **Eftirfylgni:** Eftir að t.d. ákveðinni meðferð eða úrræði við hindrun er lokið er mikilvægt að þar sé ekki látið við sitja. Fylgjast þarf með eftir að úrræði lýkur til að fylgjast með framgangi mála og þá líður ungmenninu enn eins og einhver sé til staðar, þar sem öruggt er að vera og einhver sem hægt er að leita til.
- **Hvatning og hrós:** hvort sem að vinnan sé fyrirbyggjandi eða verið sé að taka á einstökum málum eru hvatning og hrós lykilatriði, sérstaklega ef slíkt kemur ekki frá öðrum og væru Tómstunda-og félagsmálafræðingar tilvaldir í að sjá um það og fræða aðra í kringum einstaklinginn hvernig eigi að nýta þetta tól, hvernig og hvenær.

7 Niðurlag

Við fórum inn í verkefnið með vangaveltur um það hver upplifun einstaklinga á meðferðarkerfinu væri síðastliðnu árin og hvort eitthvað mætti betur fara eða breyta og þó að úrtakið hafi ekki verið stórt má þó sjá að það er kominn tími til breytinga þar sem meðferðar¬úrræði og aðferðir eru mörg hver orðin börn síns tíma. Það þarf að finna leiðir til að grípa fyrr inn í, endurskipuleggja meðferðarúrræði og að það sé eitthvað sem sé til staðar á batavegi.

Meðferðarúrræðum á Íslandi hefur fjölgað verulega frá því að slík úrræði tíðkuðust fyrst hér á landi en í dag eru til mörg úrræði fyrir fólk sem á við vímuefnavanda að stríða og hafa sum þeirra verið starfrækt um áraraðir á meðan önnur hafa byrjað og hætt sökum fjárskorts eða annarra hindrana.

Hvað aðgengi að vímuefnum varðar er hlutfall þeirra sem vita hvernig nálgast eigi vímuefni að okkar mati alltof hátt og virðist vera mjög auðvelt fyrir einstaklinga að verða sér úti um allskyns efni ef vilji er fyrir hendi, nauðsynlegt er að allir séu meðvitaðir um þetta vandamál svo hægt sé að finna leið til lausna. Markaður vímuefna er gríðarstór og því getur reynst erfitt að tækla þessi mál, en einhversstaðar þarf að byrja.

Fræðsla er einn þeirra þátta sem talinn er geta dregið úr áhættuhegðun einstaklinga ef gripið er inn í á réttum tíma. Rannsóknir sýna fram á að þekking og viðhorf unglinga á skaðsemi vímuefna hefur talsverð áhrif á það hvort einstaklingur leiðist út í neyslu eða ekki. Seljendur ólöglegra vímuefna nýta sér þekkingarleysi einstaklinga og eru mjög slungnir í því að markaðssetja efnin sem skaðlítil eða jafnvel skaðlaus og teljum við því nauðsynlegt að einstaklingar fái mun meiri forvarnarfræðslu en boðið er uppá í dag.

Það fylgir því alltaf ákveðin áhætta þegar einstaklingur byrjar að nota áfengi eða önnur vímuefni og er mjög mikilvægt að allir séu meðvitaðir um það. Enginn er óhultur fyrir fíkniefnadjöflinum og því má í raun segja að fræðsla, forvarnir, félagslegt taumhald og það að einstaklingurinn sé samkvæmur sjálfum sér skipti gríðarmiklu máli fyrir áframhaldið. Það er aldrei að vita hvenær maður lendir sjálfur í því að vera boðin fíkniefni og er það þá manns eigin viska sem ræður ríkjum.

Mikil umfjöllun hefur verið síðastliðin ár um ýmis málefni tengd fíkniefnaheiminum s.s. einstök fíkniefni, söluleiðir efna, aðgengi að meðferðum o.fl. Umræðan er komin á yfirborðið og er ljóst að taka þarf verulega á í ýmsum málum er tengjast einstaklingum sem eiga við vímuefnavandamál að stríða hvort sem það er samfélagsviðhorfið, meðferðarúrræði eða eitthvað annað. Þrátt fyrir neikvæða umfjöllun þá eru einstaklingar

sem hafa góðar sögur að segja og ekki má gleyma því að þau úrræði sem til staðar eru hafa bjargað mörgum og eru jafnvel einhverjir sem væru enn í neyslu ef ekki væri fyrir viðeigandi meðferð.

Upplifun okkar eftir að hafa hlustað á viðmælendur var m.a. sú að peningana skortir og meðan ekkert er að gert í þeim málum þá fækkar ekki einstaklingum á biðlista. Ef litið er framhjá peningaskorti og horft á úrræðin sjálf þá er greinileg þörf á einhverskonar umbótum og eflaust eru einhver meðferðarúrræði einfaldlega orðin börn síns tíma og verður gaman að sjá hvort vel gangi með áætlun sem félags- og húsnæðismálaráðherra hyggst vinna í.

Flestir viðmælendur minntust á neyðarvistun Stuðla þó svo að engin spurning hafi verið sérstaklega um það og voru það svörin sem komu okkur hvað mest á óvart þar sem þau voru öll neikvæð. Þrátt fyrir að úrtakið í viðtölunum hafi ekki verið stórt þá gefur það auga leið að það þarf eitthvað að laga til á neyðarvistun. Þó svo að viðmælendahópur okkar hafi ekki verið stór þá fengum við þó að heyra frásagnir frá öllum hliðum og ólíkar upplifanir þar sem að viðmælendahópur okkar var fámennur, en breiður.

Sameiginlega mátti sjá út frá viðtölum að grípa þurfi mun fyrr inn í og viljum við meina að þar komi tómstunda- og félagsmálafræðingar sterkt inn til að koma ungu fólki í uppbyggilegar tómstundir og jákvæða nýtingu á frítímanum en tómstunda- og félagsmálafræðingar mennta sig í því að finna leiðir fyrir hvern og einn til að nýta frítíma sinn á jákvæðan hátt og er það eitthvað sem við teljum eiga heima á stöðum sem vinna með einstaklingum á krossgötum. Með fræðslu og handleiðslu um framboð og áhrif tómstunda gætu einstaklingar einfaldlega orðið hamingjusamari fyrir vikið og fengið mun meira út úr lífinu en þeir gerðu ráð fyrir.

Þegar við fórum af stað í þetta verkefni var okkar skoðun í raun sú að það þyrfti að taka meðferðarkerfið eins og það leggur sig úr umferð og byrja upp á nýtt. Eftir þá vinnu sem verkefninu fylgdi höfum við þó gert okkur grein fyrir því að það er margt gott innan kerfisins þrátt fyrir að það sé margt sem þarfnast viðbótar og sé orðið barn síns tíma, einnig komumst við að því að meðferðarkerfið hefur í raun engin áhrif þegar einstaklingar eru ekki í stakk búnir til þess að taka á málunum sjálfir. Það er augljóst að það þarf að breyta einhverju í samfélaginu og hlúa betur að þeim sem að hafa farið út af beinu brautinni og tengist það bæði viðhorfum innan samfélagsins og meðferðarúrræðunum sjálfum.

Heimildaskrá

Anna Margrét Einarsdóttir, & Halla Heimisdóttir. (án dags.). *Áhættuhegðun*. Sótt 17. 02 2013 frá Ummig.is: http://www.ummig.is/grein.php?id_grein=116

Barnaverndarlög. (nr.80/2002).

Barnaverndarstofa. (11. 12 2012). *Verklagsreglur - Reykjavík.* Sótt 10. 03 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/media/verklagsreglur/Reykjavik.pdf

Barnaverndarstofa. (e.d. a). *Hlutverk Barnaverndarstofu*. Sótt 17. 2 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/barnaverndastofa/hlutverk/

Barnaverndarstofa. (e.d. b). *Stuðlar-Meðferðastöð ríkisins*. Sótt 17. 02 14 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/medferdarheimili/studlar/

Barnaverndarstofa. (e.d. c). *Háholt*. Sótt 17. 02 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/medferdarheimili/haholt/

Barnaverndarstofa. (e.d. d). *Barnaverndarstofa*. Sótt 10. 2 2014 frá Laugaland: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/medferdarheimili/laugaland/

Barnaverndarstofa. (e.d. e). *Lækjarbakki*. Sótt 10. 2 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/medferdarheimili/laekjarbakki/

Barnaverndarstofa. (e.d. f). *Vistheimilið Hamarskoti*. Sótt frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/vistheimilid-hamarskoti/

Barnaverndarstofa. (e.d. g). *Fjölmeðferð - MST*. Sótt 10. 2 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/fjolkerfamedferd/

Barnaverndarstofa. (e.d. h). *Fósturráðstöfun*. Sótt 10. 2 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/styrkt-fostur/

Barnaverndarstofa. (e.d. i). *Barnavernd Reykjavíkur*. Sótt 10. 03 2014 frá Barnaverndarstofa: http://www.bvs.is/almenningur/barnaverndarnefndir/listi-yfir-barnaverndarnefndir-/barnavernd-reykjavikur/

Björn Þ. Guðmundsson. (1975). *Formálabókin þín.* Reykjavík: Örn og Örlygur.

DV. (11. 7 2012). *Fíkniefni seld á facebook - Fíkniefni ganga kaupum og sölum innan íslenskrar facebook-grúppu*. Sótt 17. 3 2014 frá DV: https://www.dv.is/frettir/2012/7/11/fikniefni-seld-facebook/

DV. (21. 10 2013 a). *Íslendingar díla með fíkniefni á Facebook - leikskólakennari, laugarvörður og kokkur á meðal meðlima hópsins*. Sótt 17. 3 2014 frá DV: https://www.dv.is/frettir/2013/10/21/islendingar-dila-fikniefni-facebook/

DV. (04. 04 2013 b). *Fékk aðstoð handrukkara við að ná dóttur sinni úr dópgreni - Bréf íslenskrar móður til fréttamanns vekur óhug*. Sótt 17. 03 2014 frá DV: http://www.dv.is/frettir/2013/4/4/fekk-adstod-handrukkara-vid-ad-na-dottur-sinni-ur-dopgreni/

DV. (11. 09 2013 c). *Við vorum dópistar sjáðu til- Meðleigjandi Sævars hengdi sig eftir neyslu á Mollý*. Sótt 30. 03 2014 frá DV: https://www.dv.is/frettir/2013/9/11/vid-vorum-dopistar-sjadu-til/

Einar Gylfi Jónsson. (2001). Áhættuþættir varðandi neyslu unglinga á áfengi og öðrum vímuefnum. Í Árni Einarsson, & Guðni R. Björnsson (Ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir - Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 113-127). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Forvarnarhúsið. (e.d.). *Áhættuhegðun*. Sótt 23. 01 2014 frá Forvarnarhúsið: http://www.forvarnahusid.is/category.aspx?catID=124

Gardner, J. F., & Chapman, M. S. (2000). *Developing staff competencies for supporting people with developmental disabilies.* Boltimore: Paul H. Brookes Publishing.

Gilbertson, K., McLaughlin, T. , & Evert, A. (2006). *Outdoor Education. Methods and strategies.* Champaign IL: Human Kinetics.

Gunnar E. Finnbogason. (2009). *Að gera hæfni sýnilega - Mat á raunfærni.* Reykjavík: Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun.

Hall, C. S. (1955). Freud's concept of anxiety. Í L. Rambo (Ritstj.), *Pastoral Psycology* (B. 6, bls. 43-48). Philadelphia: Springer US.

Háskóli Íslands. (e.d.). *Tómstunda og félagsmálafræði*. Sótt 17. 2 2014 frá Háskóli Íslands: http://www.hi.is/ithrotta_tomstunda_og_throskathjalfadeild/tomstunda_og_felagsmalafraedi_0

Heaven, P. L. (2001). *The social psychology og adolenscence.* New York: Palgrave.

Henggeler, S., Schoenwald, S., Borduin, C., Rowland, M., & Chunningham, P. (2009). *Multisystemic Therapy for Antisocial Behavior in Children and Adolescents* (2 útg.). New York: Guilford Press.

Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon. (2003). *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga - Rannsóknir meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorin 1997, 2000 og 2003.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Álfgeir Logi Kristjánsson. (2013). *Vímuefnanotkun unglinga í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi - Þróun frá 1997 til 2013.* Reykjavík: Rannsóknir og Greining.

Jakob Frímann Þorsteinsson. (2011). *Að leika læra og þroskast úti – um útilíf, úti- og ævintýranám í frístundum í skólastarfi.* Reykjavík: Áskorun ehf.

jeffs, T., & Smith, M.K. (2005). *Informal education - conversation, democracy and learning.* Nottingham: Educational Heretics Press.

Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). *Viðhorf ungs fólks til forvarnastarfs lögreglu og aðgengi að fíkniefnum.* Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

Larson, R. W. (2001). How U.S. children and adolescents spend time - What it does (and doesn't) tell us about their development. Í *Current Directions in Psychological Science* (bls. 160-164). Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.

Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. (nr.33/1999).

Mbl. (17. 02 2014). *Ungmennum í vanda veitt aðstoð*. Sótt 17. 03 2014 frá mbl.is: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/02/17/ungmennum_i_vanda_veitt_adstod/

Monitor. (08. 09 2013). *Viðtal við Mollý neytanda*. Sótt 17. 03 2014 frá mbl - Monitor: http://www.mbl.is/monitor/frettir/2013/09/08/vidtal_vid_molly_neytanda/

Mónitor. (9. 09 2013). *Tímaritið Mónitor*. Sótt 30. 03 2014 frá Facebook: https://www.facebook.com/monitorbladid/posts/10151858939113501

Mörður Árnason (ritstj.). (2007). *Íslensk orðabók.* Reykjavík: Edda.

Rauði krossinn. (16. 04 2003). *Fordómar*. Sótt 22. 01 2014 frá Rauði krossinn: http://www.raudikrossinn.is/page/rki_frettir&detail=2062539

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Velferðarsvið*. Sótt 30. 03 2014 frá Reykjavíkurborg: http://reykjavik.is/skrifstofaogsvid/velferdarsvid

RÚV. (28. 02 2014). *Margra mánaða biðlistar á Vogi*. Sótt 17. 03 2014 frá RÚV: http://www.ruv.is/frett/margra-manada-bidlistar-a-vogi

Sadock, B. J., & Sadock, V. A. (2007). *Kaplan and Sadock's synopsis of psychiatry: behavioral sciences, clinical psychiatry.* Philadelphia: Lippincott Williams and Wilkins.

SÁÁ. (1. 12 2013). Fyrsta sérhannaða húsið fyrir vímuefnameðferð í heiminum. *Edrú - SÁÁ blaðið*, bls. 14-15.

SÁÁ. (e.d. a). *Markmið*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/markmid/

SÁÁ. (e.d. b). *Starfsfólk SÁÁ*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/greinargerd-um-rekstur/starfsfolk-saa/

SÁÁ. (e.d. c). *Fyrir alkóhólista*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/medferd/fyrir-alkoholista/

SÁÁ. (e.d. d). *Sjúkrahúsið Vogur*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/starfsemi/sjukrahusid-vogur/

SÁÁ. (e.d. e). *Göngudeild í Reykjavík*. Sótt 17. 12 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/starfsemi/gongudeild-i-reykjavik/

SÁÁ. (e.d. f). *Göngudeild Akureyri*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/starfsemi/gongudeild-a-akureyri/

SÁÁ. (e.d. g). *Meðferðarheimilið Vík*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/starfsemi/medferdarheimilid-vik/

SÁÁ. (e.d. h). *Meðferðarheimilið Staðarfell*. Sótt 17. 3 2014 frá SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann: http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/starfsemi/medferdarheimid-stadarfelli/

Schoenwal, S., Brown, T., & Henggeler, S. (2000). *Inside multisystemic therapy: Therapist, supervisory, and program practices* (8 útg.). Journal of Emotional and behavioral Disorders.

Siegel, L. J. (2004). *Criminology - theories, patterns and typologies* (8 útg.). Belmont: Thomson, Wadsworth.

Solomon, M. R. (2002). *Consumer behavior: buying, having and being* (5 útg.). New Jersey: Prentice Hall.

Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, & Jón Sigfússon. (2003). *Vímuefnaneysla íslenskta unglinga 2003 - niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-2003.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Stuðlar. (e.d.). *Neyðarvistun*. Sótt 23. 04 2014 frá Stuðlar: http://www.studlar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=55&Itemid=2

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir, & Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn - Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Umboðsmaður Barna. (e.d.). *Barnavernd*. Sótt 10. 3 2014 frá Umboðsmaður Barna: http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/barnavernd/

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). *Skilgreining á hugtakinu tómstundir.* Sótt 24. 01 2014 frá Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun: http://skemman.is/stream/get/1946/7815/20408/1/025.pdf

Vísir. (5. 10 2011). *Ósýnilegi stimpillinn "Dópisti"*. Sótt 29. 03 2014 frá Vísir: http://www.visir.is/osynilegi-stimpillinn--dopisti-/article/2011111009433

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, & Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks - umhverfi og aðstæður í Reykjavík.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntunarmála.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson, & Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga.* Reykjavík: Æskan.

Viðauki 1: Kynningarbréf

Sæl/Sæll

Við erum tvær ungar stúlkur sem stundum nám í Tómstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands. Við erum að fara að hefja vinnu lokaverkefnis okkar og leitum við því til þín. Til lokaverkefnis ætlum við að gera heimildarmynd um upplifun einstaklinga á meðferðarkerfinu og greinargerð sem mun setja efni myndarinnar í fræðilegt samhengi.

Áhugi á þessu verkefni kviknaði eftir mikla umfjöllun í fjölmiðlum um ýmis mál tengd neyslu og opinberum meðferðarúrræðum auk þess sem við höfum upplifað margt neikvætt í gegnum starfsvettvang og persónulegum aðstæðum hvað varðar meðferðarkerfið. Markmið þessa verkefnis er að veita innsýn í heim þeirra sem hafa farið út af beinu brautinni og upplifað meðferðarkerfið á Íslandi á einn eða annan hátt. Heimildarmyndin mun nýtast okkur og öðrum til að fá betri skilning á meðferðarkerfinu og þeim sem koma að því á einn eða annan hátt. Við vonumst til að getað með þessu móti bætt þekkingu einstaklinga á þeim meðferðarúrræðum sem í boði eru auk þess að sýna samnemendum okkar og samfélagi svart á hvítu hvað stendur til boða, hverjir það eru sem halda utan um starfsemina og hvað gengur á í heimi vímuefna.

Við leitum til þín/ykkar til þess að fá upplýsingar um þann heim sem um er að ræða, úrræðin sem í boði eru, hvað er að virka fyrir samfélagið sem við búum við í dag og jafnvel ef svo kemur til hvaða úrræðum og aðferðum þyrfti að breyta til að geta fullnægt þörfum notandans. Við vonum að þú/þið séuð viljug til að leggja okkur lið í lokaverkefni okkar og koma í viðtal. Endilega hafið samband ef þið hafið áhuga og við getum útskýrt verkefnið nánar.

Virðingarfyllst

Laufey Sif Ingólfsdóttir (lsi1@hi.is) og Sædís Sif Harðardóttir (ssh13@hi.is)
Nemendur í Tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands

Viðauki 2: Spurningalistar

Lokaspurningar fyrir alla

- Ef þú fengir tækifæri til þess að stofna meðferðarúrræði hvernig væri það?
- Hver er þín afstaða á meðferðarúrræðum í dag almennt?
- Nú hafa meðferðarúrræði á Íslandi verið mikið í umræðunni síðustu árin eins og sjá má í fréttaskýringarþáttum líkt og málinu of fleira, finnst þér þessar umræður sýna stöðuna eins og hún er með réttmætum hætti? Lokaspurning hjá öllum

Fíklar/fyrrum fíklar

- Hvernig tengist þú meðferðarúrræðum á Íslandi?
- Hvað telur þú þig vita mikið um þau meðferðarúrræði sem í boði eru?
- Hvar fékkstu upplýsingarnar um þessi úrræði?
- Í hvernig meðferðarúrræði hefur þú farið?
- Fékkstu viðeigandi hjálp þegar þú sóttir eftir henni?
- Hvernig er staða þín í dag?
- Hvað var það sem hjálpaði og hvað ekki?
- Varst þú virk/virkur í íþrótta- og tómstundastarfi þegar þú varst yngri?
- Ef þú horfir til baka hverju myndir þú breyta/bæta ef þú hefðir kost á því?
- Ef þú fengir tækifæri til þess að stofna meðferðarúrræði hvernig væri það?

Auka spurningar fyrir fyrrum fíklar

- Telur þú þig vera hólpinn miðað við þær aðstæður sem þú ert í í dag? (fyrrum fíkill)
- Finnst þér eitthvað hafa breyst er tengist þeim úrræðum sem í boði voru þá og nú? (fyrrum fíkill)

Foreldrar

- Hvernig tengist þú meðferðarúrræðum á Íslandi?
- Hvað telur þú þig vita mikið um þau meðferðarúrræði sem í boði eru?
- Hvar fékkstu upplýsingarnar um þessi úrræði?
- Hvað hefur þú sem foreldri einstaklings í vanda þurft að ganga í gegnum með þínu barni?
- Í hvaða meðferðarúrræði hefur barnið þitt þurft að leita í?
- Hefur þú sem foreldri fengið einhverja aðstoð og hvaða áhrif hefur þessi reynsla haft á þig?

- Var barnið þitt virkt í félagsstarfi á yngri árum og í hverju þá helst?
- Hverju myndir þú breyta/bæta ef þú hefðir kost á því?

Meðferðaraðilar

- Nú hefur þú verið að vinna með ungmennum í langan tíma finnst þér ástandið hafa breyst eitthvað síðan þú byrjaðir? Starfsfólk
- Hvernig finnst þér menning ungmenna vera í dag ?
- Þú ert nú starfandi á Meðferðarheimilinu X , hvað er X?
- Hvernig einstaklingar dvelja á meðferðarheimili X?
- Hvað er meðferðartími langur?
- Hvað hafa ungmennin þurft að ganga í gegnum áður en þeir komast að hjá ykkur?
- Hvernig er samband við aðstandendur einstaklingana?
- Hvað tekur við eftir að meðferð á X lýkur?
- Hvernig er vistun háttað?
- Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta á X ef nægur fjárhagur væri til staðar?

Starfsfólk í frítímaþjónustu

- Nú hefur þú verið að vinna með ungmennum í langan tíma finnst þér ástandið hafa breyst eitthvað síðan þú byrjaðir? Starfsfólk
- Hvernig finnst þér menning ungmenna vera í dag ?
- Hvaða hlutverki gegnir félagsmiðstöðin í lífi ungmenna?
- Hvernig fær félagsmiðstöðin upplýsingar um vandamál einstakra ungmenna?
- Finnst þér að félagsmiðstöðin ætti að fá betri upplýsingar til þess að hún gæti tekið betur á móti ungmennum sem eru að koma úr meðferð.
- Með hvaða hætti tekur félagsmiðstöðin þátt ef upp koma einstaklingsvandamál?
- Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta þegar kemur að ungmennum í vanda í félagsmiðstöðvarstarfinu sjálfu ef nægur fjárhagur væri til staðar?
- Af upplifun þinni í starfi með ungmennum, hvernig finnst þér þau meðferðarúrræði sem í boði eru í dag vera að virka?

Tómstunda- og félagsmálafræðingur

- Nú ert þú ert lærður Tómstunda- og félagsmálafræðingur, hvað er það?
- Telur þú að tómstunda- og félagsmálafræðingar væru góð varanleg viðbót fyrir meðferðargeirann á Íslandi og hvernig myndi þekking þeirra nýtast á því sviði?